



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra leiddi í gær, ásamt bandaríska aðmirálnum James G. Foggo, minningarathöfn um þau sem létu lífið vegna átaka á Atlantshafi í síðari heimsstyrjöld. Athöfnin fór fram um borð í varðskipinu Þór á ytri höfninni í Reykjavík og markaði upphaf varnaræfingar NATO, Trident Juncture 2018, á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ  
**+PLÚS** Fleiri myndir af minningarathöfninni er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaði.is.

## Laun gætu hækkað um 150 prósent

Launakostnaður fyrirtækja gæti aukist um allt að 150 prósent verði fallist á kröfur SGS. Heildarmánaðarlaun hópferðabílstjóra myndu hækka í tæpa 1,1 milljón að meðaltali. Framkvæmdastjóri Kynnisferða segir skærur á vinnumarkaði geta valdið hruni í ferðaþjónustu.

**VIÐSKIPTI** Nái kröfur Starfsgreinasambands Íslands (SGS) fram að ganga í komandi kjaraviðræðum vetrarins gæti launakostnaður fyrirtækja meira en tvöfaldast og í einhverjum tilfellum aukist um allt að 150 prósent, samkvæmt útreikningum sem byggðir eru á kröfugerð samninganefndar sambandsins sem kynnt var síðasta miðvikudag.

Þannig myndu kröfur SGS um krónutöluhækkanir og styttri vinnuviku án launaskerðingar

meðal annars leiða til þess að heildarmánaðarlaun hópferðabílstjóra innan Eflingar færu úr að meðaltali 545 þúsund krónum í rúmar 1.080 þúsund krónur á þremur árum og hækkuðu þannig um 98 prósent. Launahækkun ófaglærðra starfsmanna á veitingahúsum gæti jafnframt numið allt að 150 prósentum ef fallist verður á kröfumnar.

„Boðaðar hækkanir leggjast ekki vel í okkur. Það verður að segjast. Ef launahækkanir verða óeðlilega

### 55%

er hækkan raungengis á mælikvarða launa frá 2015.

miklar munum við áfram þurfa að halda að okkur höndum, skera niður framboð enn meira og fækka fólki,“ segir Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða, og

bendir á að verði veturinn átaka-mikill á vinnumarkaði geti það haft alvarleg áhrif á ferðaþjónustuna. „Ef það verða skærur á vinnumarkaði í byrjun næsta árs, til dæmis í febrúar, mars og apríl þegar bókunartímabil ferðamanna stendur sem hæst, gæti það haft þau áhrif að það yrði algjört hrun í ferðaþjónustunni næsta sumar,“ segir Björn.

Aðspurður segist Halldór Benjamín, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, vara við óraunhæfum

kröfum verkalyðsfélaga. „Efnahagslífið kólnar hratt um þessar mundir. Laun og kaupgeta almennings hefur hækkað mjög mikið síðustu þrjú ár. Það er kraftaverk ef það tekst að viðhalda núverandi lífskjörum.“

Hann nefnir að krónan hafi veikt undanfarið og muni ekki styrkjast í bráð. Verðbólga fari vaxandi vegna herra innflutningsverðs og þá standi fyrirtæki í miklum hagræðingaraðgerðum í glímunni við háan launakostnað. — hae, kj / sjá Markaðinn

### Lokuðu síðu starfsmanna HA

**SAMFÉLAG** Samskiptasiðu starfsmanna Háskólans á Akureyri var lokað í gær en sólarhring fyrr birti starfsmaður skólans færslu á síðunni og varaði konur við að leita til rektors skólans með sín úrlausnarefni. Tílefni gagnrýnninnar var tölvupóstur sem rektor sendi til allra starfsmanna.

Var til þess vísað að síðan hafi verið



**Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri.**

stofnuð að frumkvæði starfsmannafélagsins til að efla starfsanda en umræða á síðunni hafi þróast í aðrar áttir. — áá / sjá síðu 6

### Guðbjörg Jóna vann gull á ÓL

**FRJÁLJAR ÍPÓRTTIR** Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, 16 ára ÍR-ingur, vann til gullverðlauna í 200 metra hlaupi á Ólympiuleikum ungmenna í Buenos Aires í gærkvöldi. Hún bætti einnig Íslandsmet sitt í greininni þegar hún kom í mark á 23,47 sekúndum.

Guðbjörg hefur átt frábært ár og slegið Íslandsmetið í 200 metra hlaupi í þriggja. Það hafði staðið óhreyft í 21 ár. — íps / sjá síðu 12



### Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Ekki er með nokkru móti hægt að sjá hvort öll þau lyf sem koma til eyðingar hjá apótekum fari raunverulega í eyðingu. 4

**SIKUDUN** Guðmundur Edgarsson fjallar um ómarktæka könnun. 11

**MENNING** Ragnar Axelsson segir samband manns og jókuls nánast eins og ástarsamband. 18

**LÍFIÐ** Facebook filaði ekki Magna í rafmagnsstólum. 24

**PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK**

\*Samkvæmt prentmiðlökönnum Gallup apríl-júní 2015

**Hrekkjavaka**

Finndu okkur á

**PARTYBÚÐIN**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

**nettó** EINN TVEIR & ELDA

**NÝTT Í NETTÓ!**

EINFALT, ÞÆGILEGT OG FLJÓLEGT  
MATUR FYRIR TVÖ  
Í HVERJUM MATARPAKKA



James G. Foggo, aðmírall í bandaríska sjóhernum, hélt ræðu við minningarathöfnina um borð í varðskipinu. Það gerði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra einnig. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Minntust látinna úr seinna stríði

Utanríkisráðherra og bandarískur aðmírall leiddu minningarathöfn fyrir þau sem létust í síðari heimsstyrjöldinni. Minningarathöfnin markaði upphaf Trident Juncture 2018, varnaræfingar Atlantshafsbandalagsins á Íslandi. Athöfnin fór fram í varðskipinu Þór.



» Um tíu herskip frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku og Kanada koma til landsins með allt að sex þúsund sjóliða innanborðs til þess að taka þátt í æfingunni. Einnig koma um 400 landgönguliðar.



## Veður



Hvöss vestlæg átt með súld og slyddu til fjalla NV til. Hvassast við fjöll syðra en lægir er liður á daginn og styttrir upp. Snýst í vaxandi suðaustanátt með vætu SV til.

SIÁ SÍÐU 16

## Hafna lækun fasteignaskatts

**SVEITARSTJÓRNIR** Borgarstjórn Reykjavíkur felldi í gær tillögu Sjálfstæðisflokks um að lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65 í 1,60 prósent á næsta ári. Níu fulltrúar greiddu atkvæði með tillögunni, tólf á móti, tveir sátu hjá.

Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar, benti á að þótt Viðreisn hefði lofað slíkri lækun fyrir kosningar væri í meirihlutasáttmálanum kveðið á að það yrði klárað 2022. „Maður getur haft þá skoðun að það eigi að lækka skatta á fyrirtæki hraðar og fyrr og það er gott og blessað. Það er ekki það sem við í Viðreisn lofuðum fyrir kosningar. Við værum ekki að uppfylla okkar stefnu ef við myndum stökkva á það að lækka tekjur borgarinnar án þess að þær aðgerðir sem við höfum til mótvægis hefðu komið að fullu til framkvæmda,“ sagði Pawel. – þea

## Staðgengill borgarstjóra



Fyrsti borgarstjórnarfundur Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur í hlutverki staðgengils borgarstjóra fór fram í gær. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, er í veikindaleyfi. Fréttablaðið greindi frá því fyrir helgi að alvarleg sykling hefði tekið sig upp að nýju hjá Degi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Pasta, þó ekki frá Pastagram. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ekki nóg að maturinn sé góður á bragðið

**BANDARIKIN** Það er ekki nóg til þess að reka veitingastað að maturinn sé bragðgóður í harðnandi heimi veitingageirans í Bandaríkjunum. Maturinn og veitingastaðurinn sjálfur þurfa einnig að vera Instagram-vænir, það er að viðskiptavinir vilji taka myndir og hláða inn á samfélagsmiðilinn Instagram. Þetta sagði bandaríski fréttavefurinn Vox

í gær um nýja veitingastaðinn Pastagram í New York.

„Við sáum til þess að hvert einasta smáatriði inni á staðnum myndast vel og reynum að þjóna myndlega viðskiptavinum sem nú virðast leggja jafnmikla áherslu á útlit staðarins og gæði matarins,“ sagði í fréttatilkynningu frá Pastagram.

– þea

# Innheimtubrúfin bærust ekki kaffihúsaegendum

Simtal frá Fréttablaðinu bjargaði eigendum Kaffihúss Vesturbæjar frá því að missa húsnæðið á uppboð hjá sýslumanni í dag. Tilkynningum um skuld við borgina hafði verið troðið í læstan póstkassa sem eigendur hafa ekki aðgang að.

**VIÐSKIPTI** Það kom eigendum Kaffihúss Vesturbæjar og fasteignarinnar að Melhaga 22 í opna skjöldu í gær þegar sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsti á vef sínum uppboð á fasteigninni. Samkvæmt auglýsingunni átti að bjóða fasteignina upp í dag og var gerðarbeiðandi Reykjavíkurborg.

Pétur Hafliði Marteinson, einn eigenda Vesturbæjar-kaffihúss ehf. sem rekur kaffihúsið og félagsins M22 ehf. sem á húsnæðið, kom af fjöllum þegar Fréttablaðið leitaði skýringu á gær enda vissi hann ekki betur en að félagið væri með allt sitt í skilum. Brugðust forsvarsmenn félagsins skjótt við, gerðu upp skuldina og fengu um leið skýringu á því hvers vegna þeir könnuðust ekki við að hafa verið tilkynnt um skuldina.

„Fyrir aftan hús er póstkassi síðan læknastofurnar voru barna uppi og við höfum aldrei verið með lykilið að honum. Þeir segjast hafa troðið bréfinu ofan í hann. Það er meira að segja lítil yfir rauffinni, þannig að það á ekki að vera hægt,“ segir Pétur sem víðurkennir að hann sé þakklátur fyrir simtalið.

„Hefðir þú ekki hringt hefðu þeir bara selt ofan af okkur,“ segir Pétur. Samkvæmt nýbirtum ársreikningi Vesturbæjar-kaffihúss ehf. skil aði kaffihúsið vinsæla 270 þúsund króna hagnaði í fyrra. Þrátt fyrir að vera rekið réttum megin við núllið dróst hagnaður þess saman um nær 90 prósent frá því árið áður þegar hann nam rúmum 2,5 milljónum.

Félagið Ferdinand ehf. á helmingshlut í Vesturbæ-kaffihúsi ehf. ein eigendur þess eru þeir Einar Örn



Pétur Marteinson, einn eigenda Kaffi Vest. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Segja má að Fréttablaðið hafi bjargað Kaffi Vest. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólafsson, Pétur Hafliði og sjónvarpsmaðurinn góðkenni Gíslur Mar-teinn Baldursson.

Rekstrartekjur kaffihússins námu 152 milljónum króna í fyrra sem var tölverð aukning frá árinu

**Hefðir þú ekki hringt hefðu þeir bara selt ofan af okkur.**

Pétur Hafliði Marteinson, einn eigenda Kaffihúss Vesturbæjar

2016 þegar tekjurnar námu 136 milljónum. Verri afkomu félagsins milli ára má að mestu rekja til hærri rekstrargjalda og munar þar mestu um aukinn launa- og starfsmannakostnað. mikael@frettabladid.is

**Kyolic**  
Aged Garlic Extract  
Lecithin Cholesterol

**FYLGDU HJARTANU**

**STYÐUR VIÐ**

- EÐLILEG KÓLESTERÓL GILDI
- HEILBRICHT HJARTA- OG ÆÐAKERFI
- ÓNÆMISKERFIÐ

100% LÍFRÆNN, LYKTARLAUS OG FER VEL Í MAGA

**FÆST Í APÓTEKUM OG HEILSUÖRVERSLUNUM**



Innovation  
that excites

SÁ GLÆSILEGASTI!

# NISSAN NAVARA AT32

NÝ ÖFLUG ÚTFÆRSLA FRÁ NISSAN  
HÖNNUÐ AF ARCTIC TRUCKS



**NISSAN NAVARA VISIA**  
**VERÐ FRÁ 6.180.000 kr. MEÐ AT32 PAKKA.**  
Heildarverðmæti AT32 pakka 890.000 kr. TILBOÐSVERÐ 390.000 kr.

Í nýjum Navara AT32 er endurbætt fjöðrun með nýjum dempum og gormum og 38 mm hækkun undir lágsta punkt, nýjar BLACK EDITION 17" álfelgur og 32" dekk, ný stígubretti og brettakantar auk AT32 merkinga frá Arctic Trucks.

Í grunninn er Nissan Navara einn öflugasti pallbíllinn á markaðnum með 190 hestafla vél, 7 girja sjálfskiptingu, 3.500 kg dráttargetu, gormafjöðrun að aftan og 100% driflæsingu sem staðalbúnað.

Reynsluaktu nýjum Nissan Navara í dag.



Öllum Nissan Navara fylgir 5 ára ábyrgð. Navara var valinn pallbíll ársins af íslenskum blaðamönnum og international pick-up of the year af erlendum sérfræðingum. Að auki vann hann sparaksturskeppni FIB í sínum flokki.

Bilalan Bilás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bilasalá Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



# Tillögu um óháða rannsókn á Hlemmi mathöll vísað frá

**REYKJAVÍK** Borgarstjórn samþykkti í gærkvöld að vísa frá tillögu Miðflokksins um óháða rannsókn vegna framkvæmda við Hlemmi Mathöll. Tölvu voru fylgjandi frávísun, tíu mót-fallnir en einn sá hjá.

Upphafleg kostnaðaráætlun vegna mathallarinnar hljóðaði upp á 99 milljónir en hún var kynnt í febrúar 2016. Samhliða því var greint frá því að starfsemi mathallarinnar skyldi hefjast síðar á árinu. Raunin varð aftur á móti sú að Hlemmur Mathöll

tók til starfa í ágústmánuði ári síðar.

Í júlímánuði á þessu ári kom síðan í ljós að kostnaður við framkvæmdirarnar nam 308 milljónum króna. Í greinargerðinni segir að það sé óviðunandi að leggja málið til Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar þar sem biðtími þar sé of langur.

Á borgarstjórnarfundinum var einnig tekið fyrir tillaga Sjálfstæðisflokksins um heildarúttekt á framkvæmdum við Nauthólsveg 100. Þar var gamall braggi gerður upp en heildarkost-

aður framkvæmdanna hljóðar upp á 415 milljónir króna. Upphafleg kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 158 milljónum samkvæmt upplýsingum frá borginni.

Baldur Borgþórsson, borgarfulltrúi Miðflokksins, var ómyrkur í máli og sagði að því færi fjarríki að um einstök mál væri að ræða. Hann boðaði að flokkurinn myndi á næstu vikum og mánuðum leggja fram fleiri mál sem sýna fram á framúrkeyslu í framkvæmdum hins opinbera.—dfb



Frá Hlemmi mathöll í miðborg Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Stjórn ÖBÍ ályktar gegn starfsgetumati

**SAMFÉLAG** Stjórn Öryrkjabandalags Íslands vill að stjórnvöld efla núverandi kerfi örorkumats í stað þess að tekið verði upp tilraunakennt starfsgetumat. Þetta kemur fram í ályktun frá stjórninni.

Í greinargerð með ályktuninni segir að núverandi kerfi sé í grundvallaratriðum vel upp byggt, sveigjanlegt og traust. Bent er á að starfsgeta öryrkja sé oft sveiflukennd og með tilkomu starfsgetumats sé hætt við að öryrkjar lendi í alvarlegri óvissu með afkomu sína.

» Systursamtök ÖBÍ í Danmörku telja að innleiðing starfsgetumats þar hafi misheppnast

Hafa þurfi í huga að íslenskt atvinnulíf bjóði ekki upp á nægilega mörg og fjölbreytt störf við hæfi þeirra öryrkja sem treysti sér til að vinna. Starfsgetumat sé því óraunhæfur kostur.

Stjórnvöld hafa undanfarin ár unnið að undirbúningi þess að starfsgetumat verði tekið upp í stað örorkumats. Formaður systursamtaka ÖBÍ í Danmörku hélt nýverið erindi hérlendis en hann telur að upptaka starfsgetumats þar í landi hafi verið misheppnuð.—sar

## FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Lítið eftirlit með lyfjaskilum

Ekki er með nokkru móti hægt að sjá hvort öll þau lyf sem koma til eyðingar hjá apótekum fari raunverulega í eyðingu. Yfirvöld hafa enga vitneskju um magn lyfja sem skilað er til eyðingar. Starfsmaður apóteks stakk ávanabindandi lyfi í vasann.

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjastofnun sem hefur eftirlit með lyfjum sem koma til eyðingar í gegnum apótek, veit ekki hversu miklu magni er fargað og veit ekki hvort öllum lyfjum sem koma til förgunar sé í raun fargað. Landlæknisembættið segir eftirlitið geta verið betra.

Lyfjastofnun fór í mikla herferð á síðasta ári til að tryggja að lyf færu í eyðingu í stað þess að þau færu út í náttúruna með skólpi eða þá í hendur einstaklinga á svörtum markaði. Þegar einstaklingur kemur með lyf í apótek er það hins vegar hvergi skráð og því utan ratsjár eftirlitsstofnana. Sá sem vill að lyfinu sé eytt fær ekki staðfestingu um að svo hafi verið gert.

Fréttablaðið prufaði að fara með sterkt ávanabindandi lyf í eyðingu. Lyfið hefur róandi, kvíðastillandi, krampastillandi og vöðvaslakandi verkun. Þegar lyfið var afhent starfsmanni setti hann lyfjaglasíð í vasa sinn án þess að skrá það á nokkurn hátt. Lyf sem þetta selst á svörtum markaði og er mikið notað sem læknaðop.

Fréttablaðið óskaði svara við því hversu miklu magni væri fargað árlega og hvernig ferlarnir væru í þessu sambandi. „Við erum ekki með tölur um hversu miklu hefur verið skilað inn af lyfjum. Til þess að fá upplýsingar um það þarftu



Ábyrgð á lyfjaskilum er í höndum starfsmanna apóteka. Yfirvöld hafa ekki yfirsýn yfir magn lyfja sem er skilað.

» Árið 2016 henti rúmlega þriðjungur Íslendinga lyfjum í ruslið, í vaskinn eða sturtu í niður í klósettið.

með þessum lyfjaskilum mætti vera meira. Hins vegar er eftirlitið ekki í höndum Landlæknis heldur Lyfjastofnunar. Brynhildur Briem, deildarstjóri á eftirlitssviði Lyfjastofnunar, segir að ábyrgð á lyfjaskilum sé í höndum starfsmanna apótekanna og ábyrgð þeirra sé mikil.

„Starfsmönnum er ráðlagt að taka á móti lyfjum í glærum poka og setja þau strax í svokallaðan skilakassa sem er í öllum apótekum en

með þessum lyfjaskilum mætti vera meira. Hins vegar er eftirlitið ekki í höndum Landlæknis heldur Lyfjastofnunar. Brynhildur Briem, deildarstjóri á eftirlitssviði Lyfjastofnunar, segir að ábyrgð á lyfjaskilum sé í höndum starfsmanna apótekanna og ábyrgð þeirra sé mikil.

„Starfsmönnum er ráðlagt að taka á móti lyfjum í glærum poka og setja þau strax í svokallaðan skilakassa sem er í öllum apótekum en

ekki stinga lyfjum í vaskinn.“ segir Brynhildur. Íslendingar henda miklu magni lyfja ár hvert. Lyfjastofnun kannaði í nóvember árið 2016 hvernig lyfjaeyðingu væri háttað hér á landi. Rúmlega þriðjungur Íslendinga henti lyfjum þá í ruslið, í vaskinn eða sturtaði niður í klósettið.

Þannig geta lyf haft skaðleg áhrif á umhverfi sitt. [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)



## DODGE DURANGO GT PREMIUM

dodge.is



### 7 MANNA (SJÖ FULLORÐNIR) LÚXUS JEPPI HLAÐINN BÚNAÐI. ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU

Hentar vel fyrir ferðapjónustuaðila (hægt að fá niðurfellingu vörugjalda). 32" dekk passa beint undir bílinn. 33" breyting kostar kr. 380.000.

STADALBÚNAÐUR GT PREMIUM M.A.: 7 manna og fer vel um fullorðna í þriðju sætaröðinni, fjarstart, leðursæti, lykillaust aðgengi, upphitað stýrishjól, 20" álfelgur, hitti í fram- og aftursætum, 8,4" snerti- upplýsingaskjúr/aksturstölva, minni í bílstjórasæti, útværpi og speglum, rafdrifin framsæti, blindhornsvörn, þakbogur með innbyggðum þverbogum, rafmagns afturhleri, Beats hljómkerfi með 9 hátalara og bassaboxi, rafdrifin sóllúga o.m.fl. AUKABÚNAÐUR: Bluray DVD kerfi og málmútur.

**ÍSABAND**  
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSADILI DODGE Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**DODGE**

# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



**95**  
kr. 1 l

ES Trönuberjasafi, 1 l  
ES Mangósafi, 1 l



**95**  
kr. 300 g

Maðskorn  
300 g



**95**  
kr. 400 g

Kjúklingabaunir, 400 g  
Nýrnabaunir, 400 g



**95**  
kr. 90 g

ES Súkkulaði  
4 teg., 90 g

Ýmislegt fyrir minna en  
**100kr. í Bónus**



**95**  
kr. 500 ml

ES Orkudrykkur  
500 ml



**95**  
kr. 1 kg

ES Sykur  
1 kg



**95**  
kr. 1 kg

ES Hveiti  
1 kg



**95**  
kr. 500 g

ES Haframjöl  
500 g



**95**  
kr. 200 g

ES Steiktur Laukur  
200 g

# BONUS EKKERT BRUÐL

# Notaðu N1 punktana

... til að kaupa eldsneyti, gómsætan bita og kaffibolla eða til að lækka verðið á nýju dekkjunum enn meira.



## Pú færð afslátt og punkta með N1 kortinu

N1 punktarnir eru inneign sem safnast hratt upp þegar þú verslar á N1 og gildir einn punktur sem ein króna í öllum viðskiptum við N1 um allt land. Ef þú ert ekki ennþá með N1 kort þá sækirðu einfaldlega um eitt í hvelli á N1.is.

Alltaf til staðar



## Miklar skemmdir



Maður gengur fram hjá bifreið við bakka árinna Aude í franska bænum Trebes. Bifreiðin fór greinilega illa út úr þeim miklu flóðum sem gengu yfir suðvesturhluta landsins á mánudag og kostuðu að minnsta kosti ellefu lífið. Úrkoman sem féll á svæðinu á fæinum klukkutímum samsvarði því sem eðlilega hefði fallið á þremur mánuðum og jókst vatnsmagn í ám svo mikið að slíkt hefur ekki sést í hundrað ár. NORDICPHOTOS/AFP

# Starfsmannasíðu lokað eftir gagnrýni á rektor

Tölvupóstur sem rektor sendi starfsmönnum Háskólans á Akureyri eftir fréttáflutning um skólann fékk misjöfn viðbrögð. Starfsmaður gagnrýndi rektor á Facebook-síðu starfsmannafélags háskólans. Síðunni var lokað degi síðar.

**SAMFÉLAG** Samskiptasíðu starfsmanna Háskólans á Akureyri var lokað í gær en sólarhring fyrr birti starfsmaður skólans færslu á síðunni og varaði konur við að leita til rektors skólans með sin úrlausnaræfni. Tilfíni gagnrýnninnar var tölvupóstur sem rektor sendi til allra starfsmanna skólans í kjölfar fréttar í Fréttablaðinu á mánudag.

Í erindi sínu rekur rektor feril þess umbóta- og breytingastarfs innan skólans sem fjallað var um í frétt Fréttablaðsins. Þá vek rektor að fyrirhuguðum fundahöldum og aðgerðum, meðal annars í tengslum við #Metoo-umræðuna og stöðu kvenna innan háskólasamfélagsins. Í erindi sínu minnir rektor einnig á að þótt ferlið sé ekkert feimismál skuli aðgát höfð í nærveru sálar og mál einstakra starfsmanna séu trúnaðarmál sem og innri mál skólans sem eru í ferli.

Stuttu eftir að starfsmönnum barst erindi rektors ritaði starfsmaður færslu á Facebook-síðu starfsmannafélags skólans og benti á að starfsmenn hefðu fullt leyfi til að ræða mál sem varða þá sjálfa við hvern sem er og á hvaða vettvangi sem þeim yndist, en yfirmönnum og stjórnendum bæri hins vegar að gæta trúnaðar um málefni einstakra starfsmanna.

Starfsmaðurinn, sem er kona, vísar svo sérstaklega til orða í pósti rektors um #Metoo-hreyfinguna og varar konur við að reka erindi sín á skrifstofu rektors enda hafi rektor

### Úr færslu starfsmannsins á síðu starfsmannafélagsins

„Þar sem rektor dregur konur sérstaklega inn í umræðuna vil ég nota tækifærið og vara þær konur við sem reyna að reka erindi sín á skrifstofu rektors. Rektor vísar í metoo hreyfinguna, sem snýr fyrst og fremst að kynferðislegri áreitni og misnotkun, en einnig misbeitingu valds – karla í garð kvenna. Hann virðist ekki sjá bjálkann í eigin auga, því hann hefur sjálfur orðið uppvis að því að ávita og tala niður til kvenna sem leita til hans með sin mál. Ég hef fengið að reyna þetta oftar

en einu sinni á eigin skinni, en rektor hefur m.a. á okkar fundum beðið mig að vera ekki harkaleg, neitað að ræða við mig um réttindi mín nema ég klagi fyrst aðra karlmenn, og sett ofan í við mig. Þessar aðfinnslur eru skólabókar-dæmi um karlkyns yfirmann sem á erfitt með að þola konur sem stiga fast niður fæti þegar þær reka réttindamál sín. Niðurstaða þessara funda hefur hins vegar verið sú að ég hef ekki fengið neina úrlausn minna mála hjá skólanum.“



Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri.

sjálfur orðið uppvis að því að ávita og tala niður til kvenna sem til hans leita með sin mál.

Í gær tilkynntu stjórnendur Facebook-síðunnar að henni yrði lokað. Var til þess vísað að tilvist síðunnar hefði verið til umræðu í þó nokkurn tíma hjá þeim sem henni stýra. Hún hafi verið stofnuð að frumkvæði starfsmannafélagsins með það fyrir augum að hafa jákvæð áhrif á félagslíf starfsmanna og efla starfsandann en umræða á

síðunni hafi þróast í aðrar áttir og þyki stjórnendum síðunnar það miður og ákveðið hafi verið að loka henni. Nokkrar umræður spruttu um lokunina á síðunni áður en henni var lokað í gær.

„Okkur sem erum skráðar stjórnendur síðunnar þykir óþægilegt að bera ábyrgð á ýmsu neikvæðu sem komið hefur þar inn og þess vegna fannst okkur hreinlega að loka síðunni og finna aðra leið fyrir félagsleg samskipti,“ segir Sólveig Elin Þór-hallsdóttir, formaður Starfsmannafélags Háskólans á Akureyri. Hún lætur þess sérstaklega getið að síðan sé ekki tengd vinnu starfsmanna heldur hluti af félagslífi starfsfólks. Hún segir það alls ekki markmið stjórnendanna að þagga niður neina umræðu. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

# FJÓRIR FLOTTIR BÓLFÉLAGAR!




VILDARVERÐ:  
**4.199.-**  
Verð:  
5.999.-

Saga tveggja borga



VILDARVERÐ:  
**4.899.-**  
Verð:  
6.999.-

Svik



VILDARVERÐ:  
**4.199.-**  
Verð:  
5.999.-

Sagnaseiður



VILDARVERÐ:  
**3.499.-**  
Verð:  
4.999.-

Rotturnar

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4  
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáratind  
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vörurval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 18. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreyng.





Jamal Khashoggi var myrtur að mati Tyrkjustjórnar. NORDICPHOTOS/AFP

## Sönnunargögn fyrir morðinu á Khashoggi

**TYRKLAND** Lögreglumenn sem gerðu rassiu á ræðismannskrifstofu Sádi-Araba í borginni Istanbúl fundu sönnunargögn sem benda til þess að blaðamaðurinn Jamal Khashoggi hafi verið myrtur þar. Þetta sagði tyrkneskur embættismaður við fréttastofu AP í gær. Khashoggi sást síðast ganga inn á skrifstofuna 2. október síðastliðinn en hann hafði gagnrýnt krónprins Sádi-Arabi harðlega.

Mohammed al-Otaibi ræðismaður flúði Tyrkland í gær og undirbjugg tyrknesk yfirvöld sig í gær undir að leita að frekari sönnunargögnum á heimili hans. Frá þessu greindu tyrkneskir miðlar.

Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, átti fund með Salman, konungi Sádi-Arabi, og Mohammed bin Salman krónprins í gær. Donald Trump forseti sendi Pompeo sérstaklega á fund Sádi-Arabanna til þess að ræða málið og sagðist Pompeo sækjast eftir svörum um afdrif Khashoggi. – þea

## Konur í helming ráðuneytanna

**EPIÓPIA** Abiy Ahmed, forsætisráðherra Epiópiu, greindi þinginu í gær frá því að hann hefði skipað konur í helming ráðuneyta. Í ræðu sinni útskýrði hann ákvörðunina og sagði að konur væru minna spilltar en karlmenn. Þær myndu koma á friði og stöðugleika á ný. Með þessu skrefi varð Epiópiá annað afríska ríkið, á eftir Rúanda, til að skipta ráðuneytum jafnt á milli karla og kvenna. Aisha Mohammed verður til að mynda fyrsta konan til að stýra varnarmálaráðuneytinu. – þea

# Forseti leiðtogaráðsins kveðst svartsýnn fyrir Brexit-fundinn

Forseti leiðtogaráðs ESB kveðst svartsýnn fyrir leiðtogafund um Brexit í dag. Fyrirkomulag landamæragæslu á Írlandi helsta áhyggjuefnið og pattstaða í viðræðum. Breski forsætisráðherra reynir að fyllja ráðherrum að baki sér og þýski kanslarinn segir viðræðurnar afar erfiðar.

**BRETLAND** Engin ástæða er til bjartsýni á að raunverulegur árangur í Brexit-málinu náist á fundi leiðtogaráðs Evrópusambandsins sem hefst í dag. Þetta sagði Donald Tusk, forseti leiðtogaráðsins, á blaðamannafundi í Brussel í gær. Hinn pólski Tusk sagði að skýrslan sem Michel Barnier, formaður samninganeftdar ESB um samskipti Bretlands og sambandsins eftir útgöngu, og atburðir á breska þinginu gæfu ekkert tilefni til bjartsýni.

„Eins og þetta blasir við mér þá felst okkar eina von um góðan samning í því að báðar hliðar sýni ákveðni og velvild,“ sagði Tusk og bætti því við að þessari velvild þyrftu að fylgja skoðeldar tillögur. Sagðist Tusk ætla að biðja May um slíka tillögu á fundinum í dag. Forsetinn útskýrði ekki nánar eftir hverju hann væri að leita en skoraði á May að vera frumleg.

Vonast var til þess að nægur árangur hefði náðst á þessum tímupunkti svo fundargestir gætu í dag kallað eftir aukafundi sem fram færi í nóvember til þess að klára málið. „Það er leiðtoganna að ákveða hvort við séum tilbúin núna. Í raun erum við það að mestu, en við þurfum að fá tilfinningu fyrir því að raunverulegt skref fram á við sé nært,“ sagði Tusk.

Bretar munu yfirgefa Evrópusambandið þann 29. mars næstkomandi. Ef samningar um framtíðarsamskipti næst ekki í tæka tíð þýðir það að samskiptin verða



Michel Barnier, formaður samninganeftdar ESB, og Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs sambandsins. NORDICPHOTOS/AFP

## Írland veldur áhyggjum

Landamæramálið er flókið og áttu aðilar í sérstökum viðræðum um það undanfarna daga. Hvorugur aðillinn vill sjá landamæragæslu á svæðinu en slíkt yrði nauðsynlegt ef Bretland yfirgefur tollabandalagið og innri markaðinn. Evrópusambandið hefur lagt til að Norður-Írland eitt verði áfram innan tollabandalagsins og innri markaðarins en því hafa Bretar hafnað, enda lagðist DUP, norðúríski smáflokkurinn sem ver stjórn íhaldsflokksins vantrausti, gegn því að Norður-Írland fái sérmeðferð. Bretar og ESB samþykktu svo í desember 2017 að varuðarráðstafanir þyrftu að gera í útgöngusamningum til þess að tryggja „ósýnileg landamæri“. Þetta á hins vegar enn eftir að útfæra.

Á fundi sínum með ráðherrum í gær sagði May að hún myndi ekki samþykkja neina tillögu sem fæli í sér raunverulega landamæragæslu á milli Norður-Írlands og Bretlands, eins og raunin yrði ef Norður-Írland fengi sérmeðferð, né ef Bretland yrði að vera hluti tollabandalagsins til frambúðar til að komast hjá landamæragæslu.

einfaldlega í lausu lofti. „Sú útkoma verður sífellt líklegri, en það þýðir ekki að hún sé efst á óskalistanum,“ sagði Tusk.

Undanfarið hafa Bretar og ESB



gordionshnúttinn fræga sem Alexander mikli er sagður hafa höggvið á. Málið er trúlega flóknasti kaflinn sem á eftir að loka í samningaviðræðum.

May fundaði með ráðherrum sínum í gær og sagði, samkvæmt Reuters, að samningar myndu nást svo lengi sem breska ríkisstjórnin stæði saman. Undanfarna mánuði hefur verið mikil pressa á May vegna útgönguáætlunar hennar sem óeining er um innan íhaldsflokksins.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands og ein áhrifamesta manneskja ESB, sagði svo í gær að viðræðurnar við Breta væru líkt og að reyna að fá ferningslaga púsl til að passa í hringlaga gat, að því er Reuters greindi frá. Ummælin féllu á þingflokksfundum flokks hennar, Kristilegra demókrata, og sagði hún aukinheldur að það væri skýrt að landamæragæsla á milli Írlands og Norður-Írlands gæti ekki orðið engin. Hins vegar þyrfti ESB og þýska ríkisstjórnin að reyna að komast hjá því að þar yrði „hórd“ landamæragæsla.

thorngny@rettabladid.is

# GRIKK

# eða GOTT?

Grasker Halloween

# 599

kr. stk.

Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)  
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Við hjálpum þér að bæta lífsgæðin



**Rexton™** heyrnartækin gera meira en að hjálpa þér að heyra betur. Þau opna nýjar leiðir í samskiptum, rjúfa þögnina og gefa tóninn. Þau auka lífsgæðin. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.



# Ekki hægt að bjarga öllum



Ólöf Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is

Um 500-550 einstaklingar sprautu vímuefnum í æð á Íslandi. Misnotkun ungs fólks á lyfseðilsskyldum lyfjum hefur aukist á undanföllum árum og vísbendingar eru um að dauðsföllum vegna ofneyslu lyfja hafi fjölgað nokkuð það sem ári. Fjöldi slíkra tilfella er rannsakaður um þessar mundir.

Þróunin er víða ógnvænleg. Óþjóðafaraldurinn dregur að meðaltali 115 einstaklinga til dauða á degi hverjum í Bandaríkjunum og Bandaríkjaforseti hefur lýst yfir neyðarástandi þar í landi vegna þessa. Yfir þrjú hundruð þúsund Bandaríkjamenn hafa dáði af of stórum skammti síðan um aldamótin samkvæmt opinberum tölum.

Grimmur veruleiki tveggja kvenna sem glíma við sprautufíkn blasti við áhorfendum í heimildabáttum Jóhannesar Kr. Kristjánssonar, Lof mér að lifa, sem sýndir voru á RÚV í vikunni.

Átakanlegt var að fylgjast með konunum tveimur heyja harða lífsbaráttu og reyna allt til að verða ekki undir. Vont var að sjá hversu fá úrræði virtust standa þeim til boða þegar neyðin var sem mest.

SÁÁ hefur skilað öflugum starfi þegar kemur að meðferð við sprautufíkn. Það hefur fíknigeðdeild Landspítalans líka gert, þó plássin þar séu fá. Sjálfboðaliðaverkefni á borð við Frú Ragnheiði, þar sem áhersla er lögð á að minnka skaðann sem hlýst af alvarlegri fíkniefnaneyslu, með því að útvega fíklum hreinar nálar, aðhlyningu og spjall, eru ómetanleg. En viðfangsefnið er flókið, stórt og fer vaxandi. Fíklar eru heldur ekki einsleitir hópur þar sem eitt úrræði á við alla.

Skref í rétta átt er stigið í fjárlagafrumvarpi næsta árs, en um 50 milljónir króna eru eyrnamerkar til að koma á fót svokölluðum neyslurýmum í Reykjavík. Þar geta þeir sem nota vímuefni í æð átt skjól og fengið aðgang að hreinum nálam. Slíkt kemur í veg fyrir smit á sjúkdómum á borð við lifrabólgu C og HIV-smit.

Kannski er næsta skref að útvega þeim allra lengst leiddu hreinlega efnin sjálf líka. Líkt og fram kom í fyrrnefndum heimildabáttum þurfa fíklar að verða sér úti um efnin eftir ýmsum ógeðfældum leiðum, vændi og afbrotum. Efnin eru dýr og í flestum tilfellum keypt á svörtum markaði í undirheimum þar sem fáir sjá til og fíklar vita ekkert hvað þeir eru að fá. Slík aðgerð gæti fækkað afbrotum og ofbeldi og útrýmt að mestu svörtum markaði með lyfseðilsskyld lyf. Með slíkum gerningi mætti bjarga lífum.

Við þurfum líka að horfast í augu við að það er ekki hægt að bjarga öllum. Sumir þeirra sem fastir eru í viðjum alvarlegrar fíknar ná vissulega að snúa við blaðinu – öðrum þurfum við einfaldlega að sýna umburðarlyndi, manngesku og sætta okkur við að fíknin sigrar suma að lokum.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Glens er ekkert grin**  
Stórt reynslan af fjölgun borgarfulltrúa bendir enn ekki til annars en að dellustigið í Ráðhúsinu hafi vaxið í jöfnu hlutfalli. Hafi Dóra Björt Guðjónsdóttir og Þóris Lóa Þórhallsdóttir talið að kjánalega uppspættur einleikur byggður á bresku gamanbáttunum Little Britain og falskur einsöngur hafi verið það sem ljósændur voru að kalla eftir benda viðbrögð fólks eindregið til stórkostlegs pólitísku mislestrar. Þótt Jón Gnarr hafi getað djúkað sig í gegnum alls konar öldudali þá er áhugagrinnurinn hollt að hafa í huga að hann var og er fagmaður.

**Borgarpólitískir stríðsleikir**  
Eina rökkrétta skýringin á þessum kjánalátum er að þeim hafi verið ætlað að draga athyglina frá Braggabömmernum. Hvort borgarfulltrúarnir þekki til mörg þúsund ára gamals kínversks herkænskutexta sem kenndur er við Sun Tzu skal látið. In ef svo er þá er tilhneiging meirihlutaoddivitanna til mislestrar krónísk. Sun Tzu mælir vissulega með því herbragði að trufla andstaðinginn með því að láta lita út sem maður fari stefnulaust í hringi. Slíkt er þó tæplega líklegt til árangurs þegar skemmtiatriði sýna átakanlega fram á. thorarinn@frettabladid.is

## Byggjum fleiri íbúðir



Sigurður Hannesson  
framkvæmdastjóri Samtaka Iðnaðarins

Engum dylst það ástand sem nú ríkir á húsnæðismarkaði. Landsmönnum hefur fjölgað hráðar í góðæri undanfarinna ára en spáð var en íbúðum hefur ekki fjölgað að sama skapi. Húsnæðisverð hefur hækkað umfram launapróun síðustu ár, leiguverð hefur að sama skapi hækkað og erfiðara er fyrir nýja kaupendur að eignast sína fyrstu íbúð. Lausnin á þessum vanda er ljós. Eina raunhæfa leiðin til að bæta úr þessari stöðu er að byggja fleiri íbúðir, auka frambóðið.

Of fáar íbúðir voru byggðar á undanföllum árum. Á árunum 2010-2017 voru 2.400 íbúðir byggðar í Reykjavík, stærsta sveitarfélagi landsins, eða um 300 íbúðir á ári að meðaltali. Svipaða sögu má segja um önnur sveitarfélög. Í fyrria voru 6 nýir íbúar í landinu um hverja nýja íbúð og á árinu 2016 voru þeir 4. Þess vegna er uppsafnaður vandi og hefur Íbúðalánasjóður metið að þúsundir íbúða vanti á markaðinn til viðbótar við þær íbúðir sem þarf að byggja á hverju ári til að halda í við fjölgun landsmanna.

Með einföldun á regluverki er hægt að byggja hagkvæmari íbúðir. Hér á landi er ferli við byggjngfrankvæmdir flóknaða en á Norðurlöndunum, fleiri skref þarf að taka hér en þar. Þá gerir regluverkið ráð fyrir sömu kröfum hvort sem ræðir einföld mannvirki eða flókin þegar kemur að byggjngareftirliti. Þannig er sama ferli við að byggja einbýlishús og hátækni sjúkrahús svo dæmi sé tekið. Í öðrum löndum hefur verið tekið tillit til þessa og svo á einnig að gera hér á landi.

Sveitarfélögin eiga að stuðla að uppbyggingu hagkvæmra íbúða. Skipulagsmál eru eitt af mikilvægari málum sem sveitarstjórnir hafa á sinni könnu og þar með hafa sveitarfélögin talsvert um það að segja hvers konar íbúðir eru byggðar og hvar. Það segir sig sjálf að dýrar íbúðir eru ekki hugsaðar sem fyrstu kaup.

Ráðast þarf að rótum vandans og byggja fleiri íbúðir. Það verður ekki gert nema með samhentum átaki ríkis, sveitarfélaga, byggjngariðnaðar og aðila vinnumarkaðar. Iðnaðurinn er tilbúinn.



Með einföldun á regluverki er hægt að byggja hagkvæmari íbúðir. Hér á landi er ferli við byggjngfrankvæmdir flóknaða en á Norðurlöndunum.

## Vatnskælar á frábæru verði



25-35% Afsláttur



- Keyptann og eigðann
- Ekkert mánaðargjald
- Lítið viðhald
- Sjá nánar á heimasíðu Kælitækni [www.kaelitækni.is](http://www.kaelitækni.is)

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík - Sími 440 1800 - kaelitækni.is

Ókkar þekking nýst þér.

# Friður, öryggi og stöðugleiki

**Herbert Beck,** sendiherra Þýskalands á Íslandi  
**Jill Esposito,** starfandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi  
**Eva Egesborg Hansen,** sendiherra Danmerkur á Íslandi  
**Anne-Tamara Lorre,** sendiherra Kanada á Íslandi  
**Hilde Svartdal Lunde,** sendiherra Noregs á Íslandi  
**Machael Nevin,** sendiherra Bretlands á Íslandi  
**Graham Paul,** sendiherra Frakklands á Íslandi  
**Gerard Pokruszynski,** sendiherra Póllands á Íslandi

Undanfarin misseri hafa þjóðir okkar allra staðið andspænis fjölda nýrra áskorana á sviði öryggismála. Áskorana sem fáir hefðu getað séð fyrir þegar Berlinarmúrinn féll.

Frelсандi afl internetsins, sem hefur bæði tengt heiminn og smækkað hann, hefur verið misnotað til að veða að stofnunum okkar og gera þær að skotmörkum tölvuþrjóta, sem og að stuðla að útbreiðslu hryðjuverkasamtaka og gert þeim kleift að teygja út anga sína. Þá höfum við einnig séð hvernig ólýðræðislegir stjórnarhættir, ásamt hefðbundnum áróðursaðferðum í bland við nútímatækni, eru nýttir til að veða að lýðræðislegri samheldni okkar.

Þrátt fyrir þessar miklu breytingar hefur ein festa staðið í stað í gegnum árin: NATO mun berjast fyrir friði, öryggi og stöðugleika. Þau gildi eru og munu áfram vera hornsteinninn að okkar lýðræðislega samfélagi sem nær þvert yfir Atlantshafið. Fimm grein NATO

sendir kraftmikil skilaboð um hvernig við verjum gildi okkar og hugsjónir. Árás á eitt okkar er árás á okkur öll.

Samheldni NATO verður öllum sýnileg þessa viku, er Ísland verður gestgjafi fyrsta hluta Trident Junctionure, sem er stærsta heræfing bandalagsins undanfarin ár. Æfingin er unnin út frá hinni fyrrnefndu fimmtu grein stofnsáttmála NATO, þar sem farið verður í háþróaðar aðgerðir sem reyna á öryggisviðbrögð Íslands og getu til að veita NATO stuðning.

Í kjölfar æfingarinnar á Íslandi tekur við næsti hluti hennar í Noregi. Þar munu yfir 40.000 manns frá öllum 29 NATO-rikinum, ásamt Finnlandi og Svíþjóð, taka þátt og verður þátttaka þeirra að teljast stórafangi í norrænu varnarsamstarfi. Trident Junctionure, sem er einvörðungur varnaræfing, mun jafnframt reyna á hið mikilvæga samstarf milli hins opinbera og einkageirans, ásamt borgaralegum sem og hernadarlegum viðbrögðum. Aðgerðir af þessum toga stuðla að þrautseigju okkar og seiglu.

James Foggo, aðmíráll og hershöfðingi samhafora heraðgerða í Napólí og yfirmaður Trident Junctionure-æfingarinnar, sagði: „NATO er varnarbandalag. Við sækjumst því aldrei eftir atökum, en að sama skapi erum við skuldbundin til varnar, sem og að fyrirbyggja mögulegar ógnir. Í því felst kjarni æfingarinnar: Þjálfun til að vera viðbúin því að verjast og stuðla að fyrirbyggingu ógna, æfa getuna til að bregðast við hverri ógn, hvaðan og hvenær sem hún kann að koma.“

Með þátttöku sinni í bandalagi helguðu vernd lýðræðislega

gilda er Ísland ekki bara að standa vörð um sín eigin gildi og að ekki sé grafið undan þeim, heldur er Ísland einnig að styðja við öryggi og stöðugleika annarra þjóða, þar með talið frændþjóða sína á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltstríkum. Til marks um mikilvægi starfs NATO má nefna áhersluna á öruggara samfélag í Afganistan þar sem ungar stúlkur geta nú stundað nám, þar er Ísland að koma fram sínum kjarnagildum í verk, langt frá sínum ströndum.

Við teljum það Íslandi til hross að vera gestgjafi fyrsta hluta Trident Junctionure-æfingarinnar.

Landhelgisgæslan verðskuldar miklar þakkar fyrir það að stýra því flókna skipulagi sem fylgir æfingunni, sem og fyrir stuðninginn sem Landhelgisgæslan veitir NATO dagsdaglega með því að annast skipulag millilendinga flugvéla á vegum NATO og umsjón með radarstöðvum á Íslandi.

Frankvæmdastjóri NATO, Jens Stoltenberg, sagði eitt sinn: „Það er ekki ritað í stein að það (bandalagið) standi að eilífu,“ og til að varðveita það þarf „pólitíska skuldbindingu“. Það vekur von okkar að sjá Ísland, enn og aftur, staðfesta stuðning sinn við aðild að NATO. Þrátt fyrir að á Íslandi rúmist alls konar skoðanir, þá eru flestir borgarar og stjórnmálaflokkar þeirrar skoðunar að þátttaka í bandalagi sem þessu sé til hagsbóta fyrir Ísland.

Í þessum óútreiknanlega heimi er NATO akkeri stöðugleikans. Við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér en Trident Junctionure er aðrær æfingar munu hjálpa bandalaginu og meðlimum þess við að takast á við hvað sem koma skal.

# Skerðing vinnuvikunnar



Guðmundur Edgarsson kennari



**En gæðablóðin í Vinstri grænum átta sig ekki á einu grundvallaratriði: könnunin er með öllu ómarktæk. Þjónusta á vegum sveitarfélaga er ekki í neinum eðlilegum tengslum við markaðinn.**

Það er gott að vera góðmenni á kostnað annarra. Ályktun flokksráðs Vinstri grænna á dögnum þess efnis að vinnuvikan verði stytta í 30 stundir er til merkis um slíkt góðmennskukast. Vitnað er í könnun á vegum Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur að stytting vinnuvikunnar þar á bæ hafi heppnast sérdeilis vel. Samkvæmt könnuninni hafi lífsgæði starfsmanna aukist, framleiðni batnað og veikindadögum fækkað. Því sé ekki eftir neinu að biða: hin visindalega könnun sveitarfélagsins sýni að því færri stundir sem menn vinna, því meiri verði afköstin og fólki líði betur.

En gæðablóðin í Vinstri grænum átta sig ekki á einu grundvallaratriði: könnunin er með öllu ómarktæk. Þjónusta á vegum sveitarfélaga er ekki í neinum eðlilegum tengslum við markaðinn. Hún er lögboðin og því engin samkeppni. Könnunin hefur ekkert val, hann er látinn borga hvort sem hann nýtir sér hana eða ekki. Þá eru mörg verkefni á vegum stórs sveitarfélags eins og Reykjavíkur þess eðlis að fólk ber ekki skynbragð á hvort þau eru gagnleg, hagkvæm eða tilgangslaus gæluverkefni. Enginn ber ábyrgð á kostnaði sem iðulega fer fram úr áætlunum eins og nýlegur bragga-blús sýnir.

## Markaðurinn á að ráða

Væri mark takandi á könnuninni myndi markaðurinn bregðast skjótt við. Vinnuveitendur myndu hafa frumkvæði að því að stytta vinnuvikuna enda kappkosta fyrirteki í samkeppnisumhverfi að auka hagkvæmni og afköst. En atvinnulífið veit sem er að könnun þessi er byggð á sandi. Ekkert vitrænt hefur komið fram sem bendir til þess að 40 stunda vinnuvika sé fólki ofvíða enda hefur verið miðað við þá tölu allt frá því að Henry Ford kom henni á í bilaverksmiðjum sínum árið 1914.

Aðalatriðið er þó það að opinberir aðilar eins og ríki og sveitarfélög eiga ekki að leiða breytingar í þessa veru. Aðeins markaðurinn á að hafa frumkvæði þar um enda stendur atvinnulífið undir launakostnaði allra opinberra starfsmanna. Þaðan koma jú skattarnir.

Segðu bless við sköfuna og hitaðu bílinn með Webasto bílahitara

**LTH** BÍLASMIDURINN HF  
 BÍLDSHÖFÐA 16  
 SÍMI: 567-2330

**Webasto**  
 Feel the Drive

www.bilasmidurinn.is • bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

# Frábært ár varð stórkostlegt

Ísland eignaðist Ólympiumeistara í gærkvöldi þegar Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir vann til gullverðlauna í 200 metra hlaupi á Ólympiuleikum ungmenna í Buenos Aires. Hún bætti einnig Íslandsmet sitt í greininni.

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir gerði sér litit fyrir og sigraði í 200 metra hlaupi á Ólympiuleikum ungmenna í Buenos Aires í Argentínu í gærkvöldi.

Keppt var með nýstárlegu fyrirkomulagi en samanlagður árangur í tveimur umferðum gilti til sigurs í 200 metra hlaupinu.

Guðbjörg kom langfyrst í mark í fyrri umferðinni á laugardaginn á nýju Íslandsmeti, 23,55 sekúndum. Leticia Maria Nonato Lima frá Brasilíu varð önnur á 24,16 sekúndum. Hún endaði í 3. sæti í heildina.

Í seinni umferðinni í gærkvöldi sló Guðbjörg „gamla“ Íslandsmetið sitt er hún kom önnur í mark á 23,47 sekúndum.

Dalia Kaddari frá Ítalíu varð hlutskörpust í seinni umferðinni (23,45 sekúndur) en Guðbjörg var með bestan samanlagðan árangur (47,02 sekúndur) og stóð því uppi sem sigurvegari. Stórkostlegur árangur hjá Guðbjörgu sem hefur alla burði til að ná enn lengra.

Þessi 16 ára ÍR-ingur hefur átt magnað ár þar sem hún hefur m.a. slegið Íslandsmetið í 200 metra hlaupi í þriggung.

Á Evrópu-meistaramóti 18 ára og yngri í Ungverjalandi í sumar vann hún til gullverðlauna í 100 metra hlaupi og fékk svo brons í 200 metra hlaupi. Þá varð hún einnig Íslands- og Norðurlandameistari á árinu.

Á Smáþjóðameistaramóti í Vaduz í Liechtenstein í júní bætti Guðbjörg 21 árs gamalt Íslandsmet Guðrúnar Arnardóttur í 200 metra hlaupi þegar hún hljóp á 23,61 sekúndu.

Hún bætti eigið Íslandsmet í fyrri umferðinni á Ólympiuleikum ungmenna á laugardaginn og svo aftur í gærkvöldi. Íslandsmetið í 200 metra hlaupi stóð óhreyft í 21 ár en hefur nú verið slegið í þriggung á rúmum fimm mánuðum.

ingvithor@frettabladid.is



Guðbjörg Jóna fagnar á verðlaunapallinum í gær. Hún hefur átt frábært ár. MYND/ÍSI



Guðbjörg Jóna og Dalia Kaddari (silfur) fallast í faðma. NORDICPHOTOS/GETTY

# 23,47

sekúndur er nýtt Íslandsmet Guðbjargar Jónu Bjarnadóttur í 200 metra hlaupi.

## Nýjast

Ólis-deild kvenna



**KA/Þór - Stjarnan 23-19**

Markahæstar: Sólveig Lára Kristjánsdóttir 9, Martha Hermannsdóttir 6/2 - Elísabet Gunnarsdóttir 5, Hanna Stefánsdóttir 5/4.

**Valur - Selfoss 24-19**

Markahæstar: Anna Úrsula Guðmundsdóttir 6/1, Morgan Marie Porkelsdóttir 5 - Perla Ruth Albertsdóttir 6.

**HK - Fram 19-29**

Markahæstar: Steinnunn Björnsdóttir 9, Ragnheiður Júlíusdóttir 6/1 - Diana Kristín Sigmarsdóttir 7/2, Dajana Jovanovska 4/1.

Þjóðadeildin



A-deild

Riðill 1

**Frakkland - Þýskaland 2-1**

B-deild

Riðill 1

**Úkraína - Tékkland 1-0**

Riðill 4

**Írland - Wales 0-1**

C-deild

Riðill 3

**Noregur - Búlgaría 1-0**

**Slóvenía - Kýpur 1-1**

D-deild

Riðill 1

**Kasakstan - Andorra 4-0**

**Letland - Georgía 0-3**

Riðill 4

**Gibraltar - Liechtenstein 2-1**

**Armenía - Makedónía 4-0**

Undankeppni EM U-21 árs

**Ísland - Spánn 2-7**

Jón Dagur Þorsteinsson og Óttar Magnús Karlsson skorðu mörk Íslands.

♥ **KAFFI DAGAR**  
15. - 28. OKT

40%  
LOGIC KAFFIVÉL L120CB15E  
4.995  
2.995

17%  
SAGE BARISTA ESPRESSOVÉL BES875BSS  
119.995  
99.995

EXTRA HLJÓDLÁT  
SIEMENS EQ 6 ESPRESSOVÉL TE605209RW  
119.995  
109.990

14%  
NESPRESSO LATTISSIMO ONE KAFFIVÉL FI11WHITE  
34.995  
29.995

**ELKO**  
GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

# ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

**Jeep**  
THERE'S ONLY ONE

jeep.is

JEEP GRAND CHEROKEE  
TRAILHAWK  
TORFÆRUÚTGÁFAN AF  
ÞESSUM FRÁBÆRA JEPPI

33" BREYTTUR

ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU

## HÖRKUTÓL SEM ENDIST

ramisland.is

 **RAM**



ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU **RAM 3500 LIMITED**  
**40" BREYTTUR**

**ÍSABAND**  
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBOÐSAÐILI JEEP OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

## Merkisatburðir

1904 Hægriflokkurinn stofnaður í Svíþjóð.

1941 Ellefu bandarískir hermenn falla er þyskur kafbátur skýtur á bandarískan tundurspilli vestur af Íslandi. Þetta voru fyrstu bandarísku hermennirnir sem fórust í seinni heimsstyrjöld. Tundurspillirinn komst inn til Hvalfjarðar við illan leik.

1941 Ákveðið að Sáttmálasjóður Háskóla Íslands skuli eiga og reka kvikmyndahús.



1956 Elisabet 2. Bretadrottning tekur kjarnorkuverið í Sellafjeld í Bretlandi í notkun við formlega athöfn.

1965 Eyjan Syrtlingur við Surtsey sést síðast ofansjár.

1987 Brasilísk hjón tekin föst í Hveragerði með mesta magn kókains, sem fundist hafði í einu lagi á Íslandi, 450 grömm.

1989 Loma Prieta-jarðskjálftinn (7,1 á Richtersvarða) í San Francisco-flóa veldur 63 dauðsföllum.

1995 Jeanne Calment slær met sem elsta kona heims samkvæmt skrár þegar hún nær 120 ára og 238 daga aldri.

2003 Friðarbogin, samtök homma og lesbía, stofnuð í Færeyjum.

2004 Netfrelsi, félag um frjáls samskipti á Internetinu, stofnað á Íslandi.

2006 Íbúaföldi Bandaríkjanna nær 300 milljónum.

ÞETTA GERDIST: 17. OKTÓBER 1987

## Stærsta kókaínmál hérlendis kom upp

Lögreglan lagði hald á 450 grömm af kókaini fyrir fjórar milljónir króna árið 1987 þegar brasilísk hjón voru handtekin í Hveragerði. Á verðlagi dagsins í dag er verðmætið um 21 milljón króna. Voru hjónakornin með 780 þúsund í peningum. Lögreglan hafði aldrei lagt hald á svo mikið af kókaini og fluttu fréttamiðlar fjölmargar fréttir af þessum ógnarfundi í Hveragerði enda var þetta meira magn en áður hafði fundist samanlagt. Í frétt Morgunblaðsins af málinu segir að fyrst hafi orðið vart við kókain árið 1980 og síðan hafi fundist um 15-20 grömm árlega.

Hjónin, 40 ára kona og 25 ára karlmaður, komu hingað til lands frá Lúxemborg þann 1. október. Þau dvöldu fyrstu dagana á höfuðborgarsvæðinu,

en þegar þau voru handtekin höfðu þau tekið herbergi á leigu í gistihúsi í Hveragerði. Kókainið höfðu þau komið með hingað til lands, en ekki er vitað hvaðan peningarnir komu. Rómur helmingur þeirra var Bandaríkjadalir en afgangurinn íslenskar krónur.

Í lok janúar 1988 var maðurinn dæmdur í fjögurra ára fangelsi. Konunni var sleppt fljótlega, enda átti hún engan hlut að máli samkvæmt dómnum. Maðurinn játaði við yfirheyrslur að hafa flutt efnið til landsins, en sagðist ekki eiga það sjálfur og neitaði að hafa selt kókain hér á landi þrátt fyrir allar krónurnar í fórum hans og að vera með 450 grömm.

Hann kvaðst hafa ætlað að flytja efnið til Bandaríkjanna. Hluta peninganna reyndist eiginkona hans eiga, en í ákæru



var þess krafist að lagt yrði hald á 360 þúsund krónur í hans eigu. Ekki kom til þess þar sem maðurinn afsalaði sér peningunum sem hann kvaðst hafa ætlað að nota til að kaupa ullarfatnað hér á landi og selja í Bandaríkjunum.

Þetta var lengsti dómur fyrir fikniefnabrot, sem ekki var áfrýjað, sem kveðinn hafði verið upp hér á landi.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Eiríkur Briem**  
hagfræðingur,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans föstudaginn 12. október síðastliðinn. Útför hans verður gerð frá Áskirkju þann 29. október nk. klukkan 13.

Guðrún Ragnarsdóttir Briem

Maj-Britt Hjördis Briem Eiríkur Briem Kristín Briem  
Einar P. Eyjólfsson  
Hanna Kristín Briem Pétursdóttir  
Þorvaldur Ólafsson  
og barnabörn.



Okkar ástkæri  
**Óskar Marínó Þorgrímsson**  
fyrirverandi bóndi, Efri-Gegnishólum,  
lést miðvikudaginn 10. október sl. á Dvalarheimilinu Lund í Hellu. Útförin fer fram frá Selfoskirkju föstudaginn 19. október kl. 13.00.

Aðstandendur.



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Haukur Tryggvason**  
bóndi á Laugabóli í Reykjadal,  
lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 14. október umvafinn sínum nánustu. Útför hans fer fram frá Einarstaðakirkju laugardaginn 20. október kl. 14. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki lfyðlækningsdeildar Sjúkrahúsins á Akureyri sem annaðst hann af alúð.

Hjördis Stefánsdóttir

Heiðrún Hauksdóttir  
Hilmar Hauksson  
Unnur Björk Hauksdóttir  
Hugrún Hauksdóttir  
Kristín Hannesdóttir  
Sigurður Helgi Pálmason  
Pálmi Gauti Hjörleifsson  
og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Hilmar Rósmundsson**  
frá Siglufirði,  
fyrirverandi skipstjóri og úrgerðarmaður í Vestmannaeyjum,  
lést á Hraunbúðum, dvalarheimili aldraðra í Vestmannaeyjum, 10. október sl. Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 27. október kl. 13.00.

Hafdis B. Hilmarsdóttir  
Sædis M. Hilmarsdóttir

Gottskálf Á. Guðjónsson  
Guðlaugur Sigurgeirsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langlangafi,  
**Hörður Þorsteinsson**  
bóndi,  
Nykhol,  
Mýrdalshreppi,

lést á dvalarheimilinu Hjallatúni í Vik laugardaginn 6. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðjón Harðarson

Jóhanna Sólrún Jónsdóttir  
Jóhanna Þórunn Harðardóttir Guðmundur Oddgeirsson  
Guðbjörg Klara Harðardóttir Hlynur Vigfús Björnsson  
Sigurlaug Linda Harðardóttir Gunnar Vignir Sveinsson  
Steina Guðrún Harðardóttir Jóhannes Gissurarson  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



Elskulegur eiginmaður minn og faðir,  
**Páll Sigurður Jónsson**  
rafvirkri,  
lést 11. október á hjúkrunarheimilinu Ísafold, Garðabæ.  
Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 19. október kl. 13.

Þóra Eygló Þorleifsdóttir

Jón Vilhelm Pálsson  
Guðmundur Þorleifur Pálsson  
Anna Sigríður Pálsdóttir  
Matthildur Pálsdóttir  
Salome Kristín Jakobsdóttir  
Ásta Gísladóttir  
Karl Magnús Tómasson  
Birgir Ragnarsson  
afa- og langafabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Hannes Reynir Sigurðsson**  
frá Keflavík,

lést þann 13. október á heimili sínu að Starengi 74, Reykjavík. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 25. október kl. 13.00.

Dagmar Jóhannesdóttir

Sigrún Hannesdóttir  
Margrét Harpa Hannesdóttir  
Anna Margrét Arnardóttir  
Snorri Snorrason  
Jón Einarsson  
Guðmundur Svararsson  
afabörn og langafabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langlangafi,  
**Geir Kristjánsson**

lést föstudaginn 12. október á Hrafnistu, Hafnarfirði. Útförin fer fram mánudaginn 22. október kl. 13.00 frá Lindakirkju í Kópavogi. Sérstakar þakkir til alls starfsfólks Hrafnistu, Hafnarfirði, fyrir innilegt viðmót og hlýju.

Sólrún Geirsdóttir

Róbert G. Geirsson  
Sigurður H. Helgason  
Sigríður Ólafsdóttir  
og fjölskyldur.



Elsku eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,  
**Daniel Guðbrandsson**  
Akraseli 31,

lést föstudaginn 5. október. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík mánudaginn 22. október klukkan 13.

Birna Benediktsdóttir  
Steinar Þór Danielsson  
Guðbrandur Danielsson  
Ólöf Jóna Ævarsdóttir  
Kristþóra Gísladóttir  
Áshildur E. Danielsdóttir  
og barnabörn.

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. október 2018

38. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



  
**ROLEX**

OYSTER PERPETUAL  
DATEJUST 41



  
**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - [www.michelsen.is](http://www.michelsen.is)

Launakostnaður sumra fyrirtækja gæti aukist um allt að 150 prósent ef fallist verður á kröfur Starfsgreinasambands Íslands um krónutöluhækkunar og styttri vinnuviku án launaskerðingar. Heildarmánaðarlaun hópferðabílstjóra myndu hækka í tæpa 1,1 milljón króna. Framkvæmdastjóri SA segir það kraftaverk ef það tekst að viðhalda núverandi lífskjörum. » 6-7

## Krefjast yfir 100 prósent launahækkana



»2  
**GAMMA keypti fyrir 270 milljónir í útbóði WOW**

Tveir sjóðir GAMMA fjárfestu fyrir 2 milljónir evra í skuldabréfaútbóði félagsins. Samkvæmt yfirliti frá Pareto keyptu íslenskir aðilar um 37 prósent af útgáfunni. Gagnaherbergir opnað í London og unnið að því að fá inn fjárfesta sem hluthafa.

»4  
**Lítill virkni dregur úr mætti markaðarins**

Erlendar fjárfestingar og gengisveiking hafa orðið til þess að draga úr vægi innlendra hlutabréfa í eignasafni lífeyrissjóðanna. Lækkað um þrjár prósentur frá ársbyrjun 2016.

»10  
**Versti skatturinn**

„Á mannamáli þýðir því bankaskatturinn minni ávöxtun á sparifé og hærri vexti til folks og fyrirtækja,“ segir Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, í aðsendri grein.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Sjónmælingar eru okkar fag

Tímappantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500  
Optical Studio í Keflavík, 4213811  
Optical Studio í Leifstöð, 4250500

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK





Attestor hefur selt hátt í 4 prósentu hlut frá því í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞOR

## Attestor selur og Eaton Vance kaupir í Arion

Breski vognarsjóðurinn Attestor Capital seldi um 0,3 prósentu eignarhlut í Arion banka í síðasta mánuði og fór í lok mánaðarins með 8,58 prósentu hlut í bankanum. Sjóðurinn hefur selt hátt í 0,9 prósent af hlutafé bankans eftir að bankinn var skráður á hlutabréfamarkaði í júní. Attestor Capital hefur haldið áfram að minnka hlut sinn það sem af er þessum mánuði, samkvæmt heimildum Markaðarinn.

Sjóðir á vegum bandaríska eignastýringarfirmatækisins Eaton Vance Management juku litillega við hlut sinn í Arion banka í september og áttu í lok mánaðarins samanlagt 1,78 prósentu hlut, samkvæmt lista yfir stærstu hluthafa bankans. Til samanburðar nam samanlagður hlutur sjóðanna 1,64 prósentum í lok ágúst og um 1,2 prósentum í kjölfar skráningar bankans.

# 8%

er hækkun á verði hlutabréfa í Arion banka frá því í útboði bankans í júní síðastliðnum.

Attestor Capital hefur unnið markvisst að því að minnka hlut sinn í bankanum á undanförmum mánuðum en vognarsjóðurinn hefur selt hátt í 3,9 prósent af hlutafé bankans frá því í vor.

Hlutabréfaverð Arion banka nam 81,2 krónum á hlut við lokun markaða í gær og var um 8,3 prósentum hærra en í útboði bankans þegar Kaupping og Attestor seldu um 29 prósentu hlut á genginu 75 fyrir samtals um 39 milljarða króna. – kj

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5800

Ritstjóri Hördur Eðgisson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingagæðlar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

## RAFMÓTORAR



**SCANVER** 588 80 40  
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

# GAMMA með um 270 milljónir í útboði WOW

Tveir sjóðir GAMMA fjárfestu fyrir 2 milljónir evra í skuldabréfaútboði félagsins. Samkvæmt yfirliti frá Pareto keyptu íslenskir aðilar um 37 prósent af útgáfunni. Gagnaherbergi opnað í London og unnið að því að fá inn fjárfesta sem hluthafa.

Tveir fjárfestingarsjóðir í stýringu GAMMA Capital Management voru á meðal þeirra sem tóku þátt í skuldabréfaútboði WOW air sem lauk um miðjan síðasta mánuð. Sjóðirnir GAMMA: Credit Fund og GAMMA: Total Return Fund fjárfestu þannig fyrir samanlagt tvær milljónir evra, jafnvirði rúmlega 270 milljóna króna, í útboðinu. Þetta kemur fram í gögnum frá Bloomberg-upplýsingaveitunni sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um aðra þátttakendur í útboðinu, sem norska verðbréfafyrirtækið Pareto Securities hafði yfirumsjón með, en WOW air tryggði sér fjárfestingunni um samtals 60 milljónir evra, jafnvirði 8 milljarða króna.

Samkvæmt yfirliti frá Pareto, sem Markaðurinn hefur undir höndum, voru íslenskir aðilar með um 37 prósent af heildarfjárfestingunni í skuldabréfaútgáfunni, eða sem nemur 22 milljónum evra. Bandarískir fjárfestar keyptu hins vegar um fjórðunginn, fjárfestar frá Norðurlöndum voru með samanlagt um 19 prósent af útgáfunni á meðan afgangurinn – um 19 prósent – var seldur til annarra fjárfesta í Evrópu. Samkvæmt heimildum Markaðarinn tóku engir einkafjárfestar þátt í skuldabréfaútboðinu.

Fjárfestingarsjóðurinn GAMMA: Credit Fund, sem er með um 8 milljarða króna í stýringu, keypti fyrir 1,8 milljónir evra í útboðinu á meðan GAMMA: Total Return Fund, sem er með um 2,4 milljarða í stýringu, fjárfesti hins vegar aðeins fyrir 200 þúsund evrur. Se lítið til stærstu eigna GAMMA: Credit Fund í lok september þá kemst fjárfestingin í skuldabréfaútgáfu WOW air ekki á lista yfir tíu stærstu eignir sjóðsins.

### Gagnaherbergi opnað

Skúli Mogensen, forstjóri og eini hluthafi WOW air, hefur að undanförmum, ásamt alþjóðlegum fjárfestingarbankanum, unnið að undirbúningi þess að fá erlenda fjárfesta inn sem nýja hluthafa að féluginu í lokuðu útboði (e. private placement) og í tengslum við þau áform var opnað sérstakt gagnaherbergi í London í liðnum mánuði, samkvæmt heimildum Markaðarinn. Á meðal þeirra sem eru Skúla einnig innan handar í þeirri vinnu eru Fossar verðbréfamarkaðir og þá er ráðgert að sér-



Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, en veiking krónunnar hefur komið félaginu vel á sama tíma og oliuverð hefur hækkað mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# 14%

nemur hækkun oliuverðs frá því að útboð WOW air hófst um miðjan ágúst.

fræðingar frá bandaríska fjárfestingarbankanum Citi muni bættist í þann hóp. Fossar, sem hafa undanfarið verið leiðandi í að hafa milligöngu um kaup erlendra sjóða í skráðum verðbréfum á Íslandi, voru á meðal ráðgjafa WOW air í nýafstöðnu skuldabréfaútboði.

Þá hefur Skúli sagt að hann stefni að skráningu hlutabréfa félagsins á markað innan 12 til 18 mánaða, bæði héraðs og erlendis. Hefur WOW air ráðið Arion banka og Arctica Finance til að hefja undirbúning að skráningunni. Í viðtali sem birtist við Skúla í Financial Times í síðasta mánuði sagðist hann áforma að sækja sér 200 til 300 milljónir Bandaríkjadala með því að selja allt að helming hlutafjár í félaginu í slíku hlutafjárútbóði.

### Gæti þýtt 3 prósentu samdrátt

Rekstrarumhverfi WOW air, eins og margra annarra evrópskra flugfélaga, hefur versnað til muna undanfarið, einkum vegna mikillar

samkeppni og hækkandi oliuverðs, en sem dæmi hefur heimsmarkaðsverð á Brent-hráolliu hækkad um 14 prósent frá því að skuldabréfaútboð flugfélagsins hófst um miðjan ágúst. Á móti kemur að snörrp gengisveikning krónunnar á síðustu mánuðum, ekki hvað síst gagnvart Bandaríkjadala, hefur komið WOW air vel enda eru tekjur þess að langstærstum hluta í erlendum gjaldeyri á meðan launakostnaðurinn er nánast einungis í íslenskum krónum.

Á meðal helstu niðurstæðna sviðsmyndargreiningar sem stjórnmöldunni í lok sumars vegna mögulegra áfala í rekstri WOW air, og Markaðurinn greindi frá í síðustu viku, var að gjaldþrot félagsins gæti þýtt að landsframleiðsla dragist saman um tvö til þrjú prósent og gengi krónunnar veiktist um allt að 13 prósent á næsta ári. Til samanburðar spá Hagstofa Íslands og Seðlabankinn 2,7 prósentu hagvexti á næsta ári.

Í grunnsviðsmýnd greiningarinnar var einnig gert ráð fyrir því að mögulegt fall WOW air gæti leitt til þess að útlutningur dragist saman um tíu prósent á næsta ári, verðbólga hækkad um þrjú prósentu-stig og færi þannig upp í hátt í sex prósent og um 1.400 manns bættust á atvinnuleysisráð. Til samanburðar voru ríflega 4.500 manns atvinnulausir hér á landi í lok ágúst-mánaðar. hordur@frettabladid.is

## Þarf kraftaverk til að spá Sýnar rætist

Greinendur ráðgjafarfirmatækisins Capacent telja að „ekkert annað en kraftaverk“ þurfi til þess að afkoma Sýnar í ár verði í samræmi við áætlanir stjórnenda þess. Þeir hafa lækkað verðmat sitt á fjölmörgu- og fjarskiptafélaginu um 10,5 prósent og meta nú gengi hlutabréfa félagsins á 68,3 krónur á hlut.

Stjórnendur Sýnar gera ráð fyrir að EBITDA félagsins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – verði á bilinu 4 til 4,4 milljarðar króna í ár. Til samanburðar var EBITDA Sýnar 1.436 milljónir króna á fyrri hluta ársins en 1.518 milljónir króna se leiórétt fyrir einkisþis-kostnað sem féll einkum til vegna kaupa félagsins á helstu eignum 365 miðla.



Stefán Sigurðsson, forstjóri Sýnar.

# 6,1%

er gengislækkun hlutabréfa í Sýn síðustu þrjú mánuði.

Í verðmati Capacent, sem Markaðurinn hefur undir höndum, segjast sérfræðingar ráðgjafarfirmatækisins ekki ætla að biða eftir kraftaverki, heldur hafi þeir lækkað

rekstrarspá sína fyrir félagið. Gera þeir ráð fyrir að EBITDA Sýnar verði 3.372 milljónir króna í ár eða um 3,6 milljarðar króna se lítið fram hjá einkisþis-kostnaði.

Þeir benda þó á að einkisþis-kostnaður vegna kaupanna hafi farið stigminkandi með hverjum ársfjórðungi og utlit se fyrir að hann verði brátt óverulegur.

Stjórnendur Sýnar hafa sagst reikna með að samlegð af kaupum félagsins á eignum 365 miðla verði um 1,0 til 1,1 milljarðar króna og að henni verði náð á næsta ári. Capacent spár því hins vegar að markmiðið náist ekki fyrr en árið 2020. Þá gerir ráðgjafarfirmatækið ráð fyrir að takmarki Sýnar um 5 milljarða króna EBITDA verði náð árið 2021 í stað 2020. – kj



## OKKAR SÝN Á LÚXUS

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus.  
Rómaður snertiskjárninn, mögnuð sætin,  
há sætisstaðan og einstök veghæðin  
endurspegla sænska natni við smáatriði.  
Aflið og mýktin ásamt einstöku öryggi,  
Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli  
bílahönnuða Volvo.

SJÖ SÆTA  
LEÐURINNRETTING  
VÉLARHITARI MEÐ TÍMASTILLI  
RAFDRIFIN OPNUN Á AFTURHLERA  
NÁLÆGDARSKYNJARI AÐ FRAMAN OG AFTAN  
VERÐ FRÁ 8.990.000 KR

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU  
**VOLVO XC90 AWD**



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

[volvocars.is](http://volvocars.is)

# Lítill virkni háir hlutabréfamarkaðinum

Sókn lífeyrissjóða erlendis er skynsamleg en hefur skilið eftir tómarúm á íslenska hlutabréfamarkaðinum. Lítill velta hjá stórum fjárfestum bjargar verömyndun skráðra félaga í Kauphöllinni að mati hagfræðings en vísitölusjóðir og skattaafslættir geta örvað viðskipti.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson  
tfh@frettabladid.is



Vægi innlendra hlutabréfa í eignasafni lífeyrissjóðanna hefur minnkað töluvert í takt við aukna fjárfestingu sjóðanna erlendis og gengisveikingu krónunnar. Stærð lífeyrissjóðanna á íslenska hlutabréfamarkaðinum í bland við litla veltu sjóðanna getur hins vegar leitt til bjögunar í verömyndun.

Frá ársbyrjun 2016 hefur vægi innlendra hlutabréfa í eignasafni lífeyrissjóðanna minnkað úr tæplega 13 prósentum í 9,9 prósent. Á sama tíma hefur hlutfall erlendra eigna farið úr rúmlega 22 prósentum í 26 prósent. Eign lífeyrissjóðanna í innlendum hlutabréfum og hlutdeildarskrifteinum nam 518 milljónum í ágúst en í krónum talið hefur hún ekki verið lægri frá því í desember 2014.

„Þetta hefur veruleg áhrif og að einhverju leyti erum við að sjá að eignamarkaðir hafa verið daufrir vegna þess að lífeyrissjóðirnir hafa einblint á að fjárfesta erlendis í meiri mæli og lána sjálfir beint til fasteignakaupa,“ segir Ásgeir Jónsson, deildarforseti Hagfræðideildar Háskóla Íslands, í samtali við Markaðinn.

Ásgeir bendir á að fjárfestingar sjóðanna erlendis séu ekki eina skýringin á minnkandi vægi innlendra hlutabréfa. „Hlutfallið verður fyrir töluverum áhrifum af genginu. Gengið hefur verið að veikjast á síðustu 1-2 árum og hefur leitt til hækkunar á vægi erlendra eigna,“ segir Ásgeir. „Það hefur líka áhrif þegar stór félög eins og Icelandair, sem lífeyrissjóðirnir eiga mikið í, lækka mikið í verði. Á sama tíma hefur verið hækkun á erlendum eignamörkuðum.“

## Bjögud verömyndun


Kristrún Frostadóttir, aðalhafgræðingur Kviku banka, segir óumdeilt að lífeyrissjóðirnir þurfi að fjárfesta erlendis í meira mæli.

„Þetta er þeirra leið til að ná fram eignadreifingu. Ef þú hugsar um þá sem geyma peninga sína í lífeyrissjóðum þá er um þriðjungur af neyslukörfu þeirra í ellinni innfluttar vörur og því er ekki óeðlilegt að þeir eigi erlendar eignir sem því nemur. Þess vegna hefur verið mælt með því að þeir fari út og ég held að það séu allir sammála um það,“ segir Kristrún.



Aðalhafgræðingur Kviku banka segir að fjárfesting lífeyrissjóða í vísitölusjóðum geti bætt virkni íslenska hlutabréfamarkaðarins. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

## Vægi innlendra og erlendra hlutabréfa



Hins vegar sé áhyggjuefni hversu lítill velta sé á íslenska hlutabréfamarkaðinum og hvernig það bjagi verömyndun hlutabréfa.

„Eðli málsins samkvæmt hreyfa sjóðirnir sig sjaldnar á markaðinum enda er fjárfestingarstærðin til lengri tíma en hjá flestum öðrum fjárfestum. Þeir eru ekki jafn kvikir,“ segir Kristrún. „Hins vegar eiga þeir nú þegar stóran bita af markaðinum og eru þá komnir í þá stöðu að ef skráðu fyrirtæki gengur illa, þá sitja þeir fastir.“

Lítill virkni getur að sögn Krist-

## Við erum að sjá að eignamarkaðir hafa verið daufrir vegna þess að lífeyrissjóðir einblina á að fjárfesta erlendis.

Ásgeir Jónsson hagfræðingur

rúnar leitt til þess að fáir aðilar geti hreyft markaðinn óeðlilega mikið og geri það að verkum að hlutabréfaferið þróist ekki alltaf í takt við undirliggjandi aðstæður.

„Þetta er að minnu mati alvarleg þróun. Hlutabréfaferið á að endurspeglar grunnatriði í rekstri fyrirtækis og þess vegna skiptir máli að verömyndun sé rétt á markaði og verð á hlutabréfum bregðist eðlilega við breytingum í rekstri. Félag getur verið að skila ágætis uppgjöri en það stendur í stað á markaði vegna þess að það er enginn kaupandi.“

Þá segir Kristrún að erlent eignasafni lífeyrissjóðanna í íslenskum krónum hafi hækkað vegna gengisveikingar krónunnar á síðustu mánuðum. Það geti minnkað þrýsting á sjóðina að fjárfesta erlendis.

Í lok ágúst námu erlendar eignir

sjóðanna um 1.070 milljónum og jukust þær um tæplega 110 milljarða á fyrstu átta mánuðum ársins.

## Stjórnmöld skoði skattaafslátt

Ásgeir segir að skoða þurfi leiðir til að fá fleiri almenna fjárfesta á hlutabréfamarkaðinn Íslandi. Þeir hafi verið hikandi við að setja pening í hlutabréf eftir hrun.

„Það má segja að fasteignir hafi tekið við af hlutabréfum sem sparnaðarleið fyrir smærri fjárfesta. Smærri aðilar hafa tekið fremur lítinn þátt í hlutabréfamarkaðinum á síðustu árum sem er öflugt við það sem hefur gerst erlendis þar sem vísitölusjóðir hafa verið mjög umsvifamiklir. Auk þess er ekki svo mikill frjáls sparnaður á Íslandi, að hluta til vegna þess hversu há iögöld til lífeyrissjóðanna eru orðin. Það má velta fyrir sér leiuðum til þess að draga almenning aftur að markaðinum. Hlutabréfamarkaðinum var komið af stað á sínum tíma með skattaafslætti á tíunda áratugnum. Það var stefna sem heppnaðist vel og það má velta fyrir sér hvort nú megi beita sama svipuðum aðferðum.“

## Vísitölusjóðir auki virkni

Kristrún segir að ein leið til þess að auka virkni á íslenska hlutabréfamarkaðinum sé í gegnum vísitölusjóði. Vísitölusjóðir beita hlutlausri eignastýringu sem þýðir að sjóðirnir eiga hlutabréf í því sem næst sömu hlutföllum og eru í þeirri vísitölu sem miðað er við. Vísitalan er vegin miðað við markaðsverðmæti þannig að ef fyrirtæki hækkar á verði þarf vísitölusjóðurinn að aðlaga eignasafnið eftir því.

„Erlendis eru vísitölusjóðir algengir en ekki hér heima. Þeir laga sig eftir breytingum á markaði. Veltan eykst því vísitölusjóðurinn þarf að aðlaga sig eftir hreyfingum á markaðinum. Fjárfesting lífeyrissjóða í vísitölusjóðum gæti bætt virkni markaðarins því hann væri kvikari ef það væri hærra hlutfall fjármagns í svo sjóðum og verömyndunin betri.“

## Unnt að nota símann sem greiðslukort

Landsbankinn verður fyrsti bankinn á Íslandi og þriðja fjármálafrirtækia í Evrópu til að innleiða nýja greiðslulausn VISA sem felur í sér að hægt verður að greiða fyrir vörur og þjónustu með símanum einum og sér. Töluverð reynsla er af þessari lausn í Bandaríkjunum.

„Með því að ná í kortaappið getur þú notað símann alveg eins og þú sért með kortið í hendinni um allan heim,“ segir Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, í samtali við Markaðinn, en hún hefur sjálf prófað appið undanfarnar vikur. „Þetta getur einfaldað lífið á margvíslegan hátt, til dæmis þegar maður fer út að hlaupa og skilur veskið eftir heima.“

Kortaappið var gert aðgengilegt í Google Play Store í byrjun október og er nú í prófunum. Skrá þarf kortaupplýsingar í appið en óþarfi er að opna appið til að greiða. Einungis



Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans. FRÉTTABLAÐID/EYVÖR

þarf að opna símann og leggja hann að posanum. Bremur sekúndum eftir að færslan fer í gegn fær viðkomandi tilkynningu um viðskiptin í símann. Lilja Björk segir að Landsbankinn hafi sett stafræna þróun í forgang og að samstarfið við VISA komi sér vel í þeim efnum.

## Þetta getur einfaldað lífið á margvíslegan hátt, til dæmis þegar maður fer út að hlaupa og skilur veskið eftir heima.

Lilja Björk Einarsdóttir bankastjóri

„Við sláum nokkrar flugur í einu höggi með því að vera í samstarfi við stórt fyrirtæki sem sér um þróun og útbreiðslu á alþjóðavísu. Þá getum við nýtt hönnuði og þróunarteymi okkar í önnur stafræn verkefni. Eftir að við innleiddum nýtt grunnkerfi í fyrra höfum við gætt seti aukinn kraft í að búa til stafrænar lausnir fyrir viðskiptavinum.“

Fyrst um sinn verður aðeins hægt að hláða appinu niður í Android-símum. Það verður ekki aðgengilegt í iPhone-símum fyrr en Apple opnar fyrir Apple Pay á Íslandi. – tfh

Sjónvarpsdreifikerfi fyrir hótél, gistiheimili og skip.

**ÖREIND** – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660  
oreind@oreind.is • www.oreind.is

sart SAMTÖK LAUSNIR

# Glæsileg íslensk hönnun og smíði á skrifstofuna



Fyrir Á Guðmundsson starfa íslenskir hönnuðir sem hafa þróað húsgögn og hönnunargripur sem skapa notalegt andrúmsloft. Hver hlutur ber einkenni klassískrar hönnunar en er einnig fallegur smíðisgripur sem er þægilegt að nota og sómir sér vel á skrifstofunni.





Útlit er fyrir erfiðar kjaraviðræður í vetur þegar fjöldi kjarasamninga losnar. Harður tonn er í forystumönnum launþegahreyfingarinnar og ber þeim og atvinnurekendum mikið í milli. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Launakostnaður gæti meira en tvöfaldast

Launakostnaður fyrirtækja gæti aukist um allt að 150 prósent ef fallist verður á kröfur Starfsgreinasambands Íslands um krónutöluhækkanir og styttri vinnuviku án launaskerðingar. Heildarmánaðarlaun hópferðabílstjóra myndu hækka í tæpa 1,1 milljón að meðaltali á þremur árum. Framkvæmdastjóri Kynnisferða segir skærur á vinnumarkaði geta valdið hruni í ferðaþjónustunni næsta sumar.

Hörður Ægisson  
hordur@frettabladid.is  
Kristinn Ingi Jónsson  
kristinnigi@frettabladid.is



Nái kröfur Starfsgreinasambands Íslands fram að ganga í komandi kjaraviðræðum vetrarins gæti launakostnaður sumra fyrirtækja meira en tvöfaldast og í einhverjum tilfellum aukist um allt að 150 prósent, samkvæmt útreikningum sem byggðir eru á kröfugerð samninganeftir sambandsins sem kynnt var síðastliðinn miðvikudag.

Þannig myndu kröfur sambandsins um krónutöluhækkanir og styttri vinnuviku án launaskerðingar meðal annars leiða til þess að heildarmánaðarlaun hópferðabílstjóra innan Eflingar færu úr að meðaltali 545 þúsund krónum í rúmar 1.080 þúsund krónur á þremur árum og hækkuðu þannig um 98 prósent. Launahækkun ófaglærora starfsmanna á veitingahúsum, sem vinna á tólf tíma vöktum, gæti jafnframt numið allt að 150 prósentum, svo annað dæmi

sé tekið, ef fallist verður á kröfur Starfsgreinasambandsins.

„Ef launahækkanir verða óeðlilega miklar munum við áfram þurfa að halda að okkur höndum, skera niður framboð enn meira og fækka fólki,“ segir Björn Ragnarsón, framkvæmdastjóri Kynnisferða, sem telur ekki innistæðu í atvinnulífnum fyrir miklum hækkunum á launum. „Slíkt myndi bara skila sér út í verðlagið í formi verðbólgu. Hver er þá tilgangurinn með launahækkunum?“

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir alla tapa ef verkalyðsfélög ganga of langt í kröfum sínum. „Aflleiðingarnar verða vaxandi verðbólga, veikari króna og minni kaupmáttur launa,“ segir hann.

Útlit er fyrir erfiðar kjaraviðræður á almennum vinnumarkaði í vetur en fjöldi kjarasamninga losnar um áramótin. Harður tonn er í forystumönnum launþegahreyfingarinnar sem hafa sumir hverjir sagt að „frostavetur“ sé fram undan verði ekki gripið til réttlegra aðgerða. Er þá ekki aðeins krafist krónutöluhækkana launa heldur er


▮ Raungengi á mælikvarða launa  
% vísitala – 100 árið 2005



jafnframt kallað eftir því, til dæmis af hálfu VR, að verðtryggingin verði afnumin, vextir lækkaðir og húsnæðisliðurinn tekinn út úr vísitölu neysluverðs.

Starfsgreinasambandið og VR hafa sjálf ekki lagt mat á hvað kröfur þeirra kunni að kosta atvinnurekendur.

▮ Launakostnaður á starfandi  
% uppsafnaður kostnaður frá 2015-2018



**Minna svigrúm en síðast**

Til samanburðar við fyrirliggjandi kröfur stéttarfélaga landsins upp á yfir hundrað prósent launahækkanir á næstu þremur árum telur Gylfi Zoega, hagfræðiprófessor og nefndarmaður í peningastefnu-nefnd Íslands, að svigrúmið til hækkanu sé um fjögur prósent á ári

98%

yri hækkan heildarlauna hópferðabílstjóra ef kröfur SGS ná fram að ganga.

55%

er hækkan raungengis á mælikvarða launa frá fyrri hluta árs 2015 til fyrri árs-helmings 2018.

er markmiðið sé að viðhalda stöðugleika í efnahagslífinu. Í nýlegri skýrslu sem Gylfi vann fyrir forsætisráðuneytið segir hann umrætt svigrúm minna nú en í síðustu kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem undirritaðir voru árið 2015.

„Við kjarasamninga í haust skiptir

# LEIÐ

MIDVIKUDAGUR 17. OKTÓBER 2018

## Heimili



Arabískar kryddblöndur, hvítlaukur, chili, timjan, engifer og kóriander eru meðal fjölbreyttra hráefna sem upplagt er að nota við eldun á innmat á borð við lifur, nýru og hjörtu, að því er Nanna Rögnvaldardóttir upplýsir. ➔4



Hanna Gréta Pálsdóttir er einkar stolt af nýju vinnustofunni sinni sem áður var ónýtur bílskúr sem hún og pabbi hennar gerðu upp. MYND: SIGTRYGGUR ARI

Allra  
meina  
bót!



# Lokkandi leirtau úr Landmannalaugum

Austfirski keramikhönnuðurinn Hanna Gréta Pálsdóttir notar lita-pallettu íslensks hálendis í matarstell sín. Hún er nýbúin að gera upp ónýtan bílskúr þar sem hún nostrar við keramikhluti með tilgang. ➔2

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**  
thordisg@frettabladid.is



**Framhald af forsiðu →**

Ég er mikil útivistarkona, geng oft á fjöll og er hálendi Íslands minn uppáhaldsstaður,“ segir keramikhönnuðurinn Hanna Gréta Pálsdóttir sem stíkar Laugavegin milli Landmanna­lauga og Þórsmerkur eins oft og hún getur, nú síðast tvisvar í sumar.

„Ég þrilaði líka upp á alla hóla í Landmanna­laugum og þar greyptist litadýró náttúrunnar í huga mér, þessi ljósbrúni og græni litur sem er svo einnennandi fyrir boröbúnaðinn minn.“

**Notið við öll lífsins tilefni**

Hanna Gréta er að vísa til gullfallegra matarstella og eldhúsa­haldala sem hún vinnur úr keramíki.

„Einkenni sköpunarverks míns eru sterkir jarðlitir, einfaldleiki og fjölbætt notagildi. Eg er alltaf með hugann við að fylla ekki skápana af of miklu leirtaui heldur nota til fulls það sem er til. Ofneysla á veraldlegum hlutum hefur fyllt mig nýrri hugsun og því hefur flest sem ég bý til fleiri en eitt notagildi. Þannig geta kaffibollarnir líka nýst sem ílát fyrir bráðið smjör út á fiskinn eða súkkulaðisósúr og súpuskálarnar jafnt fyrir grauta eða sósúr með sunnudagslærinu,“ segir Hanna Gréta.

Boröbúnaður Hönnu Grétu er sterkur og þolir meira að segja að fara í uppþvottavélina.

„Ég bý til minn eigin rammsterka glerung og leitast við að endurspeglja náttúru landsins í því sem ég vinn með. Eg hef aðeins verið

að fíkra mig áfram með blágrýti og íslenskan leir en þó er Hekluvíkur og granit orðið að vörumerki mínu,“ segir Hanna Gréta sem vill að litir og form fái notið sín. „Því set ég ekki heldur mikið af höldum eða hönkum á vörurnar því það eykur bæði brothaettu og passar verr inn í skápana.“

Keramíkin kallaði óvænt á Hönnu Grétu þegar hún var í listnámi á Englandi.

„Ég ætlaði mér alltaf að verða listamaður og tók keramikskúptúr sem lokaverkefni en þá varð ekki aftur snúið. Eg kolféll fyrir notagildi leirsins og því að búa til nytjalistmuni til heimilisins. Mig langaði að skapa eitthvað sem hefur tilgang og allt eru það hlutir sem þurfa ekki að geymast inni í skáp heldur eru til þrýði á borðum og fyrst og fremst til daglegrar notkunar. Matarstell á nefmilega að nota og njóta við öll lífsins tækifæri, jafnt hvunnadags og við hátíðlegri tilefni.“

**Vinnustofan í garðinum**

Hanna Gréta keypti í fyrra íbúð á Langhóltsvegi með ónytum bílskúr í garðinum. Eftir ársvinnu Hönnu Grétu og föður hennar er skúrinn nú orðinn að glæsilegri vinnustofu sem var opnuð á dögnum.

„Við pabbi klæddum skúrinn nýju bárujárni, endurnýjuðum þakið og skiptum um glugga en það eina sem við gerðum ekki upp á eigin spýtur var að tengja rafmagn í skúrinn. Það er góð tilfinning að hafa nostrað við þetta sjálf og við pabbi erum full stoltis og gleði að verkinu loknu,“ segir Hanna Gréta og hrósar happi yfir því að hafa hlotið um nýju heimkynnin.



Hanna Gréta segir góða tilfinningu að hafa gert upp gamla bílskúrinn með pabba sínum. MYNDR: SIGTRYGGUR ARI



Súpuskál, litill diskur og nýr stór matardiskur fullkomna stell Hönnu.



Í forgrunni er saltstaukurinn góði, sem sló svo óvænt í gegn, ásamt nýrri oliukönnu og hunangsskál á litlum bakka sem geymir það allt á borði.



Það er Hekluvíkur sem skapar bæði dökka og ljósa litinn í þessari fjölbættu mjólkur- og sósukönnu.



Bollarnir hennar Hönnu Grétu nýstast undir margt fleira en kaffisopann góða, eins og bráðið smjör út á fiskinn eða ljúfar sósúr með sunnudagslærinu.

**Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins**

Probi Mage LP299V® inniheldur *Lactobacillus plantarum* 299v (LP299V®)

Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringsráðgjafi og stofnsetjandi Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlunum sína allra bestu einkunn.

Proffessor Bengt Jeppsson hefur starfað hjá Probi AB í Svíþjóð í yfir 25 ár, eða frá því að hann og kollegar hans uppgötvaðu mjólkursýrugerlinn *Lactobacillus plantarum* 299v (LP299V®).

Fæst í apótekum og heilsuvörnum, Hagkaup, Melabúðinni Frænu, Fjarðarkaupum auk valdra útsöluastaða um land allt.

abel heilsuvörur

**ÍÐA**

ÍÐA-bókakaffi Vesturgata 2a 101 Rvk. opið til 22 alla daga.

„Það er vitaskuld draumur að vera með vinnustofu í garðinum og geta farið snemma í skúrinn um helgar en á sama tíma sinnt fjölskyldunni vel og verið með kvöldmatinn á skikkanlegum tíma. Eg á þrjá stráka sem eru duglegir að nota vörurnar mínar og sýna keramikinu áhuga. Þeir ná sér frekar í keramikskál undir morgunkornið en plastskál, drekka úr bollunum mínum og leggja á borð með stölinu hennar mömmu sinnar,“ segir Hanna Gréta og líkir sér við smíð þar sem heimilið situr á hakanum.

„Það er þó táknrænt fyrir hugsjón mína að nota sem best það sem til er, en ég er alltaf með samtíning af því sem ekki hefur selst hjá mér. Það kemur samt að því einn daginn að ég verð búin að gera boröbúnað fyrir sjálfa mig.“

**Lærir margt af fólkinu í Ási**

Hanna Gréta vinnur nú að kappi við að bæta nýjum vörum í línuna sína.

„Fyrir jól í fyrra hannaði ég skál fyrir hunang og nú bættist við ný skál fyrir olíu og litill bakki undir þessa samsetningu. Margir safna þessum boröbúnaði sem samanstendur af skálum, litlum diskum og nú nýjum matardiskum, og svo eldföstum mótum og saltstaukum sem ég bjó til fyrir sjálfa mig af því mig vantaði einn slíkan en sló svo óvænt í gegn,“ segir Hanna Gréta sem selur vörur sínar hjá Systur og mökum og svo heima í vinnuskúrnum.

„Þeir sem versla mest við mig eru Íslendingar. Þetta er því ekki túristavara þótt hún sé svona náttúruleg og það er ótrúlega skrytið,“

segir Hanna Gréta sem starfar einnig við keramikkennslu hjá Starfarkfélaginu Ási en þar starfa einstaklingar með skerta starfsgetu.

„Ég er mjög svo heppin að vinna með þessu góða og skapandi fólki, og hef lært mikið af því. Við vinnum að vöruhönnun, skarti, mósaik og nytjalist og það er margt mjög fallegt sem við gerum,“ segir Hanna Gréta en á Ási er listmunabúð og svo jólamarkaður þegar nær dregur jólam.

„Ég er að hafa samband við Hönnu Grétu á Facebook hjá tölupósti í gegnum heimasíðuna hannagretakeramik.com.

„Fólk er alltaf velkomið þegar ég er heima og á laugardögum fyrir jól verður opið á vinnustofunni.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarferil. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Úmsjónarmenn efni: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is, s. 512 5351 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfrey@frettabladid.is, s. 512 5368 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigridur@frettabladid.is, s. 512 5372 | Stóri Freyr Jónsson, stari@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 512 5338

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölu menn: Arnar Magnússon, amarn@frettabladid.is, s. 512 5442, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457, Jón Ívar Vilhelmsson, joniwar@frettabladid.is, s. 512 5429.

LANCÔME  
PARIS



MATTER, BOLDER, STRONGER, LIPCOLOR  
MATTARI, DJARFARI, STERKARI VARALITIR

# LANCÔME DAGAR

LYFJU LÁGMÚLA, LAUGAVEGI, SMÁRALIND  
OG SMÁRATORGI 17. - 21. OKTÓBER.

Sérfræðingar frá Lancôme veitir faglega ráðgjöf miðvikudag til föstudags.

**20% AFSLÁTTUR**  
AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM

GLÆSILEGUR KAUPAUKI ÞEGAR ÞÚ KAUPIR LANCÔME VÖRUR FYRIR 8.900 EÐA MEIRA.



## NÝTT – LANCÔME HAUSTLITIR

### EINGÖNGU FÁANLEGIR Á LANCÔME DÖGUM.

Líttu við og kíktu á spennandi varaliti, blýanta, gloss, lökk og skuggapalettur.

Einnig nýkomnir mattir spennandi varalitir.

Vertu velkomin.



# Möguleikarnir nær óþrjótandi

Arabískar kryddblöndur, hvítlaukur, chili, timjan, engifer og kóríander eru meðal fjölbreyttra hráefna sem upplagt er að nota við eldun á innmat á borð við lifur, nýru og hjörtu.



Sælkerinn og matreiðslubókahöfundurinn Nanna Rögnvaldardóttir hefur nýtt innmat til matargerðar undanfarin ár með góðum árangri.

## Mikil fjölbreytni

Hún nefnir ýmisleg krydd og hráefni sem passa vel með innmat. „Þar má nefna til dæmis papriku, chili, kummin, kóríanderfræ, óreganó, timjan og rósmarín. Stundum á líka balsamedik vel við. Svo eiga hvítlaukur, soja og engifer vel við ef maður vill austurlenskan blæ. Og svo má hafa alls konar grænmeti með, steikt, soðið eða hrátt og einnig má nefna að snöggssteikt lifur og hjarta er fint í salat. Kúskús er oft gott með innmat, einnig kartöflustappa og sætkartöflustappa og baunir af ýmsu tagi, til dæmis linsu- eða kjúklingabaunir. Sterkar sósur og kryddjurtvinaigrettur eiga líka vel við.“

Hér gefur Nanna tvær skemmtilegar uppskriftir. Önnur inniheldur hjörtu en hin lifur.

## Georgísk hjörtu

„Hér studdist ég við uppskrift frá Georgíu að rétti sem heitir Qawurma og inniheldur lambahjörtu og lifur, lauk, óreganó, kóríander og chili. Reyndar sleppti ég lifrinni og notaði bara hjörtu í þetta skiptið og bætti svo við kirsiberjatómötum.“

<b>3-4 lambahjörtu</b>
<b>2½ msk. olía</b>
<b>Pipar og salt</b>
<b>2 laukar</b>
<b>1 chilialdín, eða eftir smekk</b>
<b>1½ tsk. óreganó</b>
<b>¼ knippi kóríanderlauf</b>
<b>300 ml vatn, eða 200 ml hvítvin</b>
<b>100 ml vatn</b>
<b>150 g kirsiberjatómatar</b>
<b>E.t.v. vorlaukur</b>



Kóríander, chili og kirsiberjatómatar setja svip sinn á georgísku hjörtun.

Starri Freyr Jónsson  
starri@frettabladid.is



Innmatur, á borð við lifur, nýru og hjörtu, er afar ódýrt hráefni sem býður upp á fjölbreyttari matreiðslu en margur heldur. Ein þeirra sem hafa leikið sér með þetta klassíska hráefni undanfarin ár er sælkerinn og matreiðslubókahöfundurinn Nanna Rögnvaldardóttir sem segir hægt að elda marga spennandi rétti úr þessu góða hráefni. „Lambalifur finnst mér yfirleitt best að skera í þunnar sneiðar og krydda vel, til dæmis með arabískum kryddblöndum, og snöggssteikja á pönnu eða grillpönnu, eða bara grilla hana á útgirlli. Það má steikja hana heila, til dæmis með hvítlauk, timjaní og rósmarín, í svona 2-3 mínútur á hvorri hlið, og hafa favabaunir og glas af góðu Chianti með.“

Hjörtun er yfirleitt best að elda annaðhvort lengi við vægan hita eða stutt við hana, segir Nanna. „Þau sker ég gjarnan mjög þunnt og snöggssteiki í örfáar mínútur á pönnu eða í wok, oft með austurlensku grænmeti og kryddi, eða sker þau í litla bita og grilla á teini. Svo má líka djúpsteikja þau eða jafnvel hakka og nota í buff, kannski blönduð kjóthakki.“

Nýru má til dæmis skera í tvennt, þræða upp á rósmaringreinar, krydda og grilla, eða snöggssteikja þau á pönnu og bera fram með grænum linsubaunum, chili og hvítlauk, stingur Nanna upp á. „Svo er hægt að nýta hjörtu, nýru og lifur saman í marga rétti. Þá er kjötíð skorið í litla bita og látið malla í smá tíma.“

Byrjið á því að skola hjörtun og þerra þau. Skerið sneið ofan af þeim og fjarlægjið mest alla fituna. Hjörtun eru skorin í tvennt og síðan í ræmur og aftur í bita, um 2 cm á kant. Hitið oliuna á pönnu, setjið hjörtun á hana, kryddið með salti og pipar og brúnið þau í nokkrar mínútur við góðan hita. Hrærið oft á meðan. Skerið niður lauk, saxið chili smátt og setjið á pönnuna ásamt óreganó. Lækkið hitann og látið krauma í smá stund eða þar til laukurinn er mjúkur. Saxið háft knippi af kóríander og bætið á pönnuna ásamt vatni (eða vatni og hvítvini). Látið malla undir loki á vægum hita í um 20 mínútur. Bætið kirsiberjatómötum og sóxuðum vorlauk á pönnuna í lokin og látið malla í 3-4 mínútur í viðbót. Að lokum er meiri kóríander stráð yfir og borðið fram til dæmis með kartöflustöppu.

## Lifur með pólentú

„Þessi uppskrift er undir dálitlum ítölskum áhrifum og ég hafði pólentú úr fersku maiskorni með lifrinni en auðvitað mætti nota til dæmis hrisgrjón eða kúskús.“

<b>1 lambalifur, meðalstór</b>
<b>250 g sveppir</b>
<b>1-2 vorlaukur</b>
<b>½-1 chilialdín</b>
<b>2 msk. olía</b>
<b>1½ msk. heilhvæiti (eða hvæiti)</b>
<b>1 tsk. paprikuduft</b>

Lifur með pólentú er frískandi og hollur réttur.

<b>½ tsk. timjan</b>
<b>½ tsk. óreganó</b>
<b>Cayennepipar á hnifsoddi</b>
<b>Pipar og salt</b>
<b>150 ml vatn</b>
<b>Steinselja, kóríanderlauf eða aðrar kryddjurtir</b>

Snyrtið lifrina og skerið burt æðar. Hún er næst skorin á ská í litlar, þunnar sneiðar. Sneiðið sveppina og saxið vorlauk og chili. Hitið 1 msk. af oliu á pönnu og steikið sveppi, vorlauk og chili við nokkuð góðan hita þar til sveppirnir hafa tekið góðan lit. Takið þá allt af pönnunni og hitið 1 msk. af oliu til viðbótar. Blandið saman heilhvæiti og kryddi, veltið lifarsneiðunum upp úr blöndunni og steikið þær í um 1 mínútu á hvorri hlið. Setjið sveppablönduna aftur á pönnuna, hellið vatninu yfir og látið sjóða í 1 mínútu. Berið strax fram, til dæmis með pólentú, og stráið kryddjurtum yfir.

## Pólentá

<b>300 g maiskorn, frosin eða fersk</b>
<b>350 ml vatn</b>
<b>Salt og pipar</b>
<b>1 msk. smjör</b>
<b>75 g fetastur, mulinn</b>

Setjið maiskorn og vatn í pott, kryddið með pipar og salti og látið malla í um tíu mínútur. Setjið sigti yfir skál, hellið maiskorninu í sigtið og malkið það næst í matvinnsluvél með dálitlu af soðinu þar til það er orðið að finu, frekar þunnu malki. Bætið við meira soði eftir þörfum. Setjið það aftur í pottinn og látið malla við meðalhita nokkra stund eða þar til malkið hefur þyknað og líkist kartöflustöppu. Hrærið mjög oft á meðan. Hrærið næst smjóri og fetastói saman við og látið malla í tveir mínútur. Smakkið og bragðbætið með salti og pipar ef þarf.



## Sefitide — ný meðferð við kvíða og svefntruflunum

Ert þú að fást við svefntruflanir eða kvíða? Sefitide er víðurkennt jurtafyr unnið úr rót garðabrúðu. Styttir tímann til að sofa og bætir gæði svefns.

**Notkun** Við vægum kvíða: fullorðnir, 1 tafla á dag allt að 3 á dag, 12-18 ára: 1 tafla á dag allt að 2 á dag, við svefntruflunum: fullorðnir og eldri en 12 ára: 1 tafla ½-1 klukkustund fyrir svefn. Ekki ráðlagt börnum yngri en 12 ára, þunguðum konum eða konum með bóm á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið læknis eða lyfjafærings sé þjárf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

Fæst í öllum helstu apótekum án lyfseðils



[florealis.is/sefitide](http://florealis.is/sefitide)

GRAL KYNNIR

# SVARTLYNG



ÞT. Mbl.



SJ. Frbl.

„Svartlyng er ein af þessum sýningum sem okkur bráðvantar“

HA. RÚV Menning

„Súrrealísk kómík brotin upp með nítandi ádeilu.“

SJ. Frbl.

„Óborganlega fyndur og súrrealískt.“

HA. RÚV Menning

„Rammpólitískt ádeiluverk sem virkar“

ÞT. Mbl.

„Leikhópurinn allur fer á kostum“

HA. RÚV Menning

„Mikið sjónarspil og hressileg ádeila“

KHP. Hugarás

„Fariði bara í leikhús... og sjáið þetta“

HA. RÚV Menning

SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR

eftir Guðmund Brynjólfsson

TJARNARBIÓ

Takmarkaður sýningafjöldi | Miðasala á [tix.is](http://tix.is)



Krukkur verða dýrindis skálar undir veitingar þegar gesti ber að garði.

## Nýtni er dyggð

Endurvinnsla er mikilvæg fyrir umhverfisvernd en enn mikilvægara er að finna leiðir til að endurnýta. Og mikilvægast af öllu er að sleppa því að kaupa nýja hluti nema brýna nauðsyn beri til. Í gamla daga var reynt að fá sem mest út úr öllum hlutum og það viðhorf á svo sannarlega við í dag. Á heimilinu getur sköpunargáfan heldur betur fengið útrás þegar kemur að því að endurnýta hluti.

Þannig geta gömul handklæði og fót orðið að tuskum, glerkrukkur nýttast sem kertastjakar og til að geyma mat eins og pasta, hrisgrjón og afganga og ef svo fer að plastflaska er keypt er hægt að nota hana í stað brúsa frekar en að kaupa slíkan. Og þetta eru bara nokkur handahófskennd dæmi.

Með því að beita hugvitinu er hægt að draga úr neyslu og þannig stuðla að umhverfisvernd. Og svo er það líka svo skemmtilegt!



Verðmæti geta leynst í geymslum.

## Leynast gersemar í geymslunni?

Við tiltekt í skápum, geymslum eða bílskúrum er ýmislegt sem ratar á nytjamarkaði eða í Sorpu. Sumir munir gætu verið verðmætari en margur heldur, það gæti til dæmis borgað sig að skoða hvaðan gamla sparistellið er áður en það er látið gossa. Ef það er frá þekktum merkjum á borð við Diane von Furstenberg, Lenox eða Rosenthal er hægt að selja það á eBay eða á sölusíðum Facebook. Sama má segja um leikföng.

Gamalt Stjörnustríðs-Lego er orðið mjög eftirsótt af söfnurum sem eru til í að borga töluverðar upphæðir fyrir það, ekki sist ef það er enn í upprunalegum umbúðum. Ef fá eintök eru til af þessu tiltekna Lego er það enn meira virði. Þá eru leikföng sem voru framleidd í tengslum við kvikmyndina Teenage Mutant Ninja Turtles orðin fremur verðmæt og vel hægt að koma þeim í verð, sé áhugi á því.

# Einfalt og gott pasta

Þetta rjómakenna pasta með kjúklingi og hvítlauk er mjög góður hversdagsmatur sem flestum líkar. Uppskriftnin er fyrir tvo-þrjá.

**250 g pasta**  
**1 kjúklingabringa**  
**1 skalottlaukur**  
**3 sveppir**  
**3 sneiðar beikon eða parmaskinka, smátt skorið**  
**1 stórt hvítlauksrif**  
**2 dl rjómi**  
**3 egg**

**125 g rifinn ostur**  
**Salt og pipar**  
**Ferskt timjan**  
**Olía til að steikja upp úr**

Sjóðið pasta eftir leiðbeiningum á umbúðum. Skerið bringuna í bita, sveppina í sneiðar og laukinn smátt. Steikið allt á pönnu í 5-6 mínútur. Bætið þá beikoni eða parmaskinku á pönnuna. Pressið hvítlauksrif yfir. Þeytið saman rjóma og egg í skál. Bætið ostinum saman við blönduna. Setjið soðið pasta á pönnuna og rjóma-blönduna yfir. Látið malla í örstutta stund. Bragðbætið með salti, pipar og timjan.



Frábær rjómalagaður pastaréttur.

## FRÁBÆR NÝJUNG

### ENGINN HÁFUR EKKERT VESEN



**TÆKNIBYLTING**  
INNBYGGÐUR GUFUGLEYPIR Í HELLUBORÐI.  
 MEIRA PLASS, ENGIN FITA, BETRA LOFT.



## SPANHELLUBORÐ MEÐ INNBYGGÐUM GUFUGLEYPI

### ÞÝSK VERÐLAUNAHÖNNUN


#### LOSNAÐU VIÐ HÁFINN

Þýska hönnunarfyrirtækið BORA hefur unnið til margra verðlauna fyrir BORA spanhelluborðin sem eru með innbyggðum gufugleypi. Sparaðu pláss njóttu hreins lofts þegar þú eldar og losnaðu við fitu sem sest um allt eldhús sem fylgir eldamennskunni.

Sjá myndbönd á [friform.is](http://friform.is)



Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • [friform.is](http://friform.is)



5 ára ábyrgð á öllum raftækjum

#### ÓPIÐ:

Mán. - fim. kl. 09 til 18  
 Föstudaga kl. 09 til 17  
 Laugardagar kl. 11 til 15

## STÓRA BÍLASALAN



### 100% LÁN

FORD Expedition XLT 4x4. Árgerð 2005, ekinn 109 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOD 980.000. Rnr.150995.



### 100% LÁN

VW Passat Comfort Station. Árgerð 2005, Ekinn 107 Þ.KM, Sjálfskiptur. Verð 680.000. Rnr.150901.



### 100% LÁN

MMC Outlander. Árgerð 2005, ekinn 160 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gir. Verð 580.000. Rnr.150808.



### 100% LÁN

VW Bora. Árgerð 2005, ekinn 182 Þ.KM, bensín, 5 gir. Verð 390.000. Rnr.150986.

Stóra bílasalan  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
<http://www.stora.is>



Suzuki motorhjól Komdu og kattu við í sýningarsal Suzuki. Ymislegt spennandi til, sjón er sögu ríkar.

### SUZUKI

Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
[suzukisport@suzuki.is](mailto:suzukisport@suzuki.is)  
[suzuki.is](http://www.suzuki.is) / [suzukisport.is](http://www.suzukisport.is)



## Glæsilegur rafmagnsbíll.

### NISSAN LEAF ACENTA 24 KW

- Árgerð 2012
- Ekinn 51 þ.km.
- Næsta skoðun 2020
- Glæný heilsársdekk

Verð kr: 1.590.000.-

Upplýsingar veitir Garðar hjá Netbílum í síma 588-5300

## Bílar til sölu



### FORD F-250 1987

V-8 flækjur skoðaður 20" fornbíll. verð 1250þ. uppl. 820-5181

## Varahlutir

**BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!**  
MIKID ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA

Sími: 567 6700 | [vakahf.is](http://vakahf.is)

## Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**  
Flatahrauni 25 - Hafnarfrói  
Sími 564 0400  
[www.bilaraf.is](http://www.bilaraf.is)

## Viðgerðir

Almennar bílavíðgerðir. Sérgrein bremsuvíðgerðir. Renni diskur og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípuþingameistarar getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. ís - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Hreingerningapjónusta  
Þvegillinn  
5 44 44 46

## VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, hústíðing, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

## Garðyrkja

## HELLULAGNIR

### LÓÐAFRAMKVÆMDIR

- Jarðvinna
- Drenlagdir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

788 8870  
[eind@eind.is](mailto:eind@eind.is)

**Eind ehf**

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikæls. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**  
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**  
Spáir í spil og bola. Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Húsviðhald

**K2**  
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FIJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftstækikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná [www.k2.is](http://www.k2.is)

## HÚSAVIÐGERÐIR

### ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870  
[eind@eind.is](mailto:eind@eind.is)

**Eind ehf**

Málun og aðrar viðgerðir. Leitið lausni í tíma og staðfestið pantanir. Aðeins isl. starfmenn. Skapti Fær S. 768 0733

## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

### Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

#### Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

#### 1. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Garðyrkjulóðin Laugargerði í Laugarási.

Kynnt er skipulags- og matslýsing vegna breytingar á notkun lóðarinnar Laugargerðis í Laugarási en breytingin felur í sér að lóðin verður verslunar- og þjónustulóð í stað landbúnaðarsvæði/garðyrkjulóð. Hyggst lóðareignandi vera með verslun- og veitingarekstur á lóðinni auk garðyrkjustarfsemi.

#### 2. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Frístundasvæði merkt F23 og skógræktarsvæði í Eyvindartungu.

Kynnt er skipulags- og matslýsing vegna breytinga á frístundasvæði F23 og skógræktarsvæðis í Eyvindartungu. Breytingin felur í sér að stærð frístundasvæðis F23 stækkar úr 32 ha í 38 ha. Austan við F23 er skógræktarsvæði sem hefur verið hluti af Suðurlandskógum frá árinu 1998 og er óskað eftir að svæðið, um 15 ha verði afmarkað inn á aðalskipulagsupprátt. Heildarskógræktarsvæði Eyvindartungu SL4 verði því samtals um 150 ha.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

#### 3. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Frístundasvæði merkt F65 landi Fells í Biskupstungum

Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 þar sem farið er frá á að breyta lögun og stærð frístundasvæðisins F65 í landi Fells í Biskupstungum. Stækkunin er um 6 ha og verður svæðið eftir breytingu 35 ha.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

#### 4. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Frístundasvæði merkt F4 í Áshildarmýri.

Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem fyrirhugað er að breyta hluta frístundasvæðisins í Áshildarmýri, merkt F4, í íbúðarsvæði. Forsendur eru þær að með þessu er verið að koma til móts við óskir eigenda frístundahúsa um fasta búsetu á svæðinu. Tillagan er í samræmi við lýsingu að endurskoðun aðalskipulags sem kynnt var í mars/apríl 2017.

#### 5. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Frístundasvæði í landi Kálfhóls.

Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem fyrirhugað er að breyta frístundasvæði í landi Kálfhóls í íbúðarsvæði og landbúnaðarsvæði. Forsendur eru þær að með þessu er verið að koma til móts við óskir eigenda frístundahúsa um fasta búsetu á svæðinu. Tillagan er í samræmi við lýsingu að endurskoðun aðalskipulags sem kynnt var í mars/apríl 2017.

#### 6. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Frístundasvæði og opið svæði merkt F17/022 í Sandholti.

Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem fyrirhugað er að breyta svæði merkt F17/022 í Sandholti úr blandaðri landnotkun frístundasvæðis og opins svæðis til sérstakra nota í íbúðarsvæði. Forsendur eru þær að með þessu er verið að koma til móts við óskir eigenda frístundahúsa um fasta búsetu á svæðinu. Tillagan er í samræmi við lýsingu að endurskoðun aðalskipulags sem kynnt var í mars/apríl 2017.

#### Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

#### 7. Deiliskipulag fyrir miðsvæði og garðyrkjulóðir á Flúðum í Hrunamannahreppi.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu vegna stofnunar tveggja lóða á opnu svæði sunnan við félagsheimili og vestan við Ungmennafélagsgarð. Um er að ræða annars vegar lóð fyrir spennistöð og hins vegar fyrir rotþró/hreinsistöð en breytingin er hluti vinnu við uppbyggingu fráveitukerfis sveitarfélagsins innan Flúða.

#### 8. Deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Hests í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir frístundabyggðina en breytingin felur í sér að þakhalli verði gefinn frás en einnig að veggjahæð upp á efri brún sperru verði hækkuð úr 2.7m frá gólfu upp í 3.4m.

#### 9. Deiliskipulag fyrir Sandskeið, frístundabyggð úr landi Miðfells í Bláskógabyggð.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir Sandskeið úr landi Miðfells þar sem gert verður ráð fyrir 100 frístundalóðum. Lóðirnar eru um 2.700 – 11.500m<sup>2</sup> að stærð. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að koma til móts við eftirspurn í stærri hús en áður var heimilad og sömuleiðis til móts við aukna þörf fyrir endurnýjun og uppbyggingu eldri lóða

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögnum og tillögnum sjálfar á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Skipulagstillögur nr. 1-3 er í kynningu frá 17. október – 7. nóvember 2018 en tillögur nr. 4-9 eru í auglýsingu frá 17. október – 30. nóvember 2018. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 1-3 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 7. nóvember 2018 en 30. nóvember fyrir tillögu nr. 4-9. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson  
Skipulagsfulltrúi  
[runar@utu.is](mailto:runar@utu.is)

## Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÜRVERK  
- FLOTUN - SANDSPARSL -  
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi  
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar  
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.  
S. 893 6994

Keypt  
& Selt

## Til sölu



Ný veiddur Hornafjarðarhumar  
og fleira góðgæti úr hafinu.  
Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR  
Í SJÁVARFANGI. WWW.  
HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## Óskast keypt

KAUPUM GULL -  
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verzlun okkar  
Laugavegi 61 Jón & Óskar  
jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL  
HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR  
Á: VIDUR.IS

Vatnslæðning, panill, pallaefti,  
parket, úthurðir, ofn. Gæði á  
góðu verði. Nýkominar Eurotec  
A2 harðviðarskrúfur. Penofin  
harðviðarolia. Indus ehf.  
Óseyrarbraut 2 HF. Uppl. hjá Magnúsi  
í sínum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570  
FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116  
REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR  
990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m  
lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð  
malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir  
Sverrir í s. 661 7000

## Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

þarftu þitt pláss? Við erum með nóg  
af því. Allt að 20% afsláttur. www.  
geymslur.is

## WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum  
verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

VERKAMAÐUR /  
BYGGINGARVINNA

Heimaas óskar eftir að ráða  
verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8636399 Styrmir

heimaas@heimaas.is merkt  
"atvinna"

## Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIDI,  
MURARA, MÁLARA EÐA  
ADRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta  
hafið störf með skómmum  
fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta  
- proventus.is Sími 551-5000  
Netfang proventus@proventus.is



## VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Traust og fagleg  
starfsmannaveita  
sem þjónað hefur íslenskum  
fyrirtækjum í áráraðir

Við útvegum hæfa  
starfskrafta í flestar  
greinar atvinnulífsins



Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000

info@handafi.is | handafi.is



Ábendingahappinn má  
finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

Gistiheimili  
til sölu!

TIL SÖLU - Rekstur og fasteign  
Bank Guesthouse 291.2m<sup>2</sup>



- Um ræðir 13 herbergi.
- 9 herbergi eru í langtímaleigu og 4 í gistileigu  
á Airbnb og booking.com.
- Góðir tekjumöguleikar, eign í fullum rekstri.
- Öll húsgögn fylgja.
- Góð bílastæði.
- Staðsetning er 3km frá Alþjóðaflugvellinum  
í Keflavík.



M2 FASTEIGNASALA

Upplýsingar gefur  
Guðmundur í síma 7767600

M2 Fasteignasala & Leigumiðlun | Hólmgarður 2c, Keflavík | s. 421 8787







# REXTON

4x4 jeppi ársins 2018\*



Birt með fyrirvara um mynd og textabreyngi.

#### Vélbúnaður:

- 181 hestöfl
- 420 Nm frá 1600 sn. tog
- 7,6 l í blönduðum akstri
- Dísel vél

#### Drifbúnaður:

- 7 þrepa sjálfskipting
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- 3000 kg dráttargeta

#### Öryggisbúnaður:

- 9 loftpúðar
- Sjálfvirk neyðarhæmlun
- Byggður á grind
- Sjálfstæð fjöðrun að aftan

#### Stærðir:

- Lengd 4,85 metrar
- Breidd 1,96 metrar
- Hjólhaf 2,865 metrar

Komdu í Krókháls 9 og skoðu nýja verðlaunajeppann frá SsangYong.

**4X4 OF THE YEAR**  
\*AWARDED BY 4X4 MAGAZINE

Sölumenn veita upplýsingar um forpantanir

| [benni.is](http://benni.is).

Reykjavík  
Krókháls 9  
Sími: 590 2020

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

Opið:  
Virka daga frá 9:00 til 18:00  
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

**Bilhitá  
Benna**  
Sérfræðingar í bilum



Skotsilfur



Engin hagræðing

Það vakti nokkra athygli um helgina þegar **Katrín Jakobsdóttir** forsætisráðherra þvertók fyrir það í kvöldfréttum RÚV að til stæði að fækka starfsmönnum við sameiningu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Flestir myndu telja að sameiningin fæli í sér umtalsverð tækifæri til hagræðingar enda eru hér á ferð tvær stórar stofnanir með samantlagt tæplega 300 starfsmenn. Um-mælli ráðherrans stinga einnig í stúf við sjónarmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en sendinefnd sjóðsins hefur margsinis bent á að einn kosturinn við sameiningu stofnanna sé sú hagræðing í rekstri sem sameiningin gæti haft í för með sér.



Réttur vettvangur?

**Ásgeir Jónsson**, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, flutti athyglisvert erindi á fundi sem Heimavællir stóðu fyrir í síðustu viku. Þar benti dósentinn á að ávöxtun af útleigu íbúðarhúsnæðis væri ansi lítil hér á landi ef tillit væri tekið til hárra ríkisvaxta. Aður af slíkrú útleigu væri talsvert lægri en í nágrennanríkjum okkar. Þannig sýndi hann fram á að leigusala stæði ekki einu sinni undir formarkostnaði fjármagns. Útreikningar Ásgeirs koma fæstum á óvart. Hins vegar er það nokkuð kómískt að á fundi í vegum fyrirtækis sé óbeint sagt að ekki séu efnahagslegar forsendur fyrir rekstri fyrirtækisins.



Sloppinn

Eftir fjögurra ára málaferli hafa nú báðir Tchenguiz-bræðurnir fallið frá málsöknum sínum á hendur endurskoðunarfyrirtækinu Grant Thornton og **Jóhannesi Rúnari Jóhannessyni**, fyrrverandi formanni slíta-stjórnar Kaupþings. Sá yngri, Robert, féll frá sinni málsökni í byrjun vikunnar, einu ári eftir að bróðir hans Vincent gerði slíkt hið sama. Jóhannesi Rúnari var að vonum létt en hann sagðist „ánægður að hafa verið hreinsaður af öllum ásökunum“. Með sátt Roberts og Kaupþings er bundinn endi á langvarandi deilur bræðrana við félagið en þær hafa kostað deilendur óheyrilegar fjárhæðir á síðustu árum.



Féþúfan Fortnite?



**Björn Berg Gunnarsson** fræðslustjóri Íslandsbanka

Vinslæsti tölvuleikur heims um þessar mundir er Fortnite. Ekki kostar að sækja leikinn og spila, en þó hafa framleiðendurnir, Epic Games, þenad

Smásölurinn Sears óskar eftir greiðslustöðvun



Smásölukeðjan Sears, sem var um skeið ein sú vinslæsta í heimalandi sínu, Bandaríkjunum, óskaði á mánudag eftir greiðslustöðvun fyrir dómi í New York. Fjárhagur keðjunnar hefur versnað hratt undanfarin ár, samhlíða aukinni netverslun og breyttri hegðun neytenda, og gat hún ekki staðið í skilum með skuldir sem voru á gjalddaga í byrjun vikunnar. Stjórnendur Sears munu loka 142 af 860 verslunum sínum fyrir áramót. NORDICPHOTOS/GETTY

Versti skatturinn



**Konráð S. Guðjónsson** hagfræðingur Viðskiptaráðs

Ekki er ókeypis, ekki einu sinni skattheimta hins opinbera. Enda sagði fjármálaráðherra Loðvíks fjórtaða að hún snerist um að „...plokka gæsina þannig að sem flestar fjáðrir fáið með sem minnstu hævi“. Á Íslandi er áætlað að gæsplokk íslenska ríkisins muni nema um 800 milljörðum króna á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpi sem liggur nú fyrir Alþingi og eru þá ótaldar aðrar tekjur ríkisins og fjáðraplokk sveitarfélaganna. Fyrir þá upphæð mætti ráða rúmlega 100 þúsund meðal Íslendinga í fulla vinnu í eitt ár.

Í þessari hit er einn skattur sem áætlað er að muni skila ríkissjóði tæplega 10 milljörðum króna á næsta ári: Bankaskatturinn, eða sérstakur skattur á fjármálafrýrtæki, sem er 0,376% af skuldum fjár-

málafrýrtækis umfram 50 milljarða króna. Á yfirborðinu kann það að virðast saklaus skattur enda eru fjölmiðlar duglegir að fylla um hagnað bankanna, þrátt fyrir þennan skatt. Eins og svo oft er málið fjari því svo einfalt enda hefur skatturinn raskandi áhrif í viðskipti og fjármálaþjónustu til landsmanna allra og er margfalt hærri en annars staðar á byggðu bóli.

Hæri vextir, minni ávöxtun

Í fyrsta lagi gerir bankaskatturinn fjármálaþjónustu dýrari vegna þess að bankastarfsemi gengur í einfaldari mynd út á að taka lán, t.d. innlán almennings og lána áfram. Með öðrum orðum að miðla sparifé landsmanna á sem hagkvæmasta hátt. Innlán og aðrar skuldir banka má líta á sem aðföng þeirra. Ef lagður er skattur á aðföng verða fyrirtæki yfirleitt að hækka verð eða greiða minna fyrir aðföng.

Á mannamáli þýðir því bankaskatturinn minni ávöxtun á sparifé og hærri vexti til fólks og fyrirtækja. Þannig er einfaldlega eðli skatta. Varla líður sá dagur að ekki heyrst, með réttu, kvartað yfir því að vaxtastig á Íslandi sé of hátt. Vandfundin er leið að því markmiði sem er jafn

beinskveitt og lækkun eða afnám bankaskatts.

Dregur úr samkeppnishæfni

Í öðru lagi eru þeir þættir sem snúa að fjármögnunarumhverfi dragbítur á samkeppnishæfni landsins. Aðgengi að fjármagni er ekki nægilega gott, umhverfið er óaðlaðandi fyrir erlenda fjárfesta og það dregur úr vörubrúnum fyrirtækja. Stjórnvöld ættu að kappkosta að leita leiða til að bæta það umhverfi og þó að bankaskatturinn sé ekki eina breytan þá hefur hann áhrif á fjármögnunarumhverfið í heild.

Neytendur borga

Í þriðja lagi skaðar skatturinn samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafrýrtækja – bæði innanlands og gagnvart erlendum samkeppnisaðilum. Innanlands sjá allir dæmi þess þegar leita á að hagstæðasta íbúðaláninu. Lífeyrissjóðir bjóða að jafnaði lægri íbúðalánavexti en bankarnir sem varla er tilviljun. Íslenskir bankar eru ennfremur í samkeppni við erlenda banka t.d. um viðskipti við útflutningsfyrirtæki. Þar að auki eru landamæri innan og milli landa sífellt að mást út í fjármálaheiminum og ný tækni að ryðja sér til rúms.

Í þessu umhverfi er skatturinn ekki einungis skaðlegur sjálfum bönkunum heldur einnig neytendum sem njóta verri kjara en ella.

Rýrir ríkiseignir

Í fjórða lagi beinlínis rýrir bankaskatturinn virði bankanna og þar með ríkiseigna þar sem ríkið á meirihluta bankakerfisins og þeirra fyrirtækja sem greiða bankaskattinn. Bankaskatturinn nam t.d. um 18% af hagnaði Íslandsbanka og Landsbankans eftir skatt árið 2017. Ekki þarf mikla servíettuútreikninga til að komast að þeirri óumflýjanlegu niðurstöðu að skatturinn rýrir virði bankanna um tugi milljarða króna.

Hægt væri að halda lengur áfram með þessa upptalningu, en heildarmyndin er nokkuð skýr. Það má deila um hvaða skattur ber titilinn „versti skatturinn“. Í raun hafa allir skattar einhverjar neikvæðar afleiðingar, þó þeir séu nauðsynlegir, og þessi yfirferð er dæmi um slíkt. En þegar áhrif skattsins eru jafn víðtæk og í tilfelli bankaskattsins kemst hann líklega á pall í keppninni um versta skatt á Íslandi. Sveioleis skattur skaðar hagsmuni allra landsmanna og hann ber að afnema.

tekjuöflun. Eyðslan hefur að meðaltali verið um 13.000 krónur og segist þriðjungur nú kaupa viðbætur í fyrsta sinn.

En hvað ef við heimfærum þessar niðurstöður á íslensk ungmenni? Ef við gerum ráð fyrir að helmingur stráka á aldrinum 12 til 17 ára spili leikinn og 14% stelpna, sem eru sömu kynjahlutföll og vestanhafs, gætu útgjöldin verið orðin yfir 50 milljónir króna. Að sjálfsgögu eru dæmi um mun meiri eyðslu. Átta ára sonur kunningjakonu minnar eyddi 40.000 krónum, 10 ára frændi

vinnufélagi skuldfærði kort foreldra sinna fyrir 150.000 og 13 ára drengur sagðist rogginn á dögnum hafa varið um 100.000 krónum í viðbætur fyrir leikinn.

Hérlendis sem og annars staðar hefur nokkuð verið ritað um áhyggjur foreldra af leiknum. Fyrir utan eyðsluna er hann mikill tímabjórur og segist þannig þriðjungur nemenda í bandarísku könnuninni hafa skröpað í skóla vegna hans og fimmtungur starfandi fólks skröpað í vinnu.

Þessi tilraun Epic, að láða sem

flesta að leiknum með því að gefa hann en selja svo skemmtilegar viðbætur, hefur ekki aðeins haft gríðarleg áhrif á hegðun heldur skilað að þeim góðum tekjum. Ef útgjöld leikmanna haldað þau sömu og mánaðarlegur notendafjöldi helst svipaður og í ágúst má reikna með að tekjur framleiðenda nemi hátt í 600 milljörðum króna næsta árið. Það slagar langleiðina í arðbærustu afþreyingarvöru sögunnar, leikinn Grand Theft Auto 5, sem þegar hefur skilað yfir 700 milljörðum króna í tekjur.

*Tól með*  
**Sissel**  
19. DESEMBER Í ELDBORG HÖRPU

  
VIKING  
BRUGGHÚS

ICELANDAIR 

SALA FER FRAM Á HARPA.IS/SISSEL  
NÁNAR UM TÓNLEIKANA Á SENALIVE.IS/SISSEL

  
Sena  
LIVE!

## Stjórnar- maðurinn



### Svæfing ekki í boði

Enn hefur ekkert komið fram sem bendir til að borgaryfirvöld ætli sér að taka alvarlega þann áfelligsdóm sem felst í Braggamálinu. Enginn kjörinn fulltrúi hefur lyft upp hendi og sagst bera ábyrgð á málinu. Borgarstjórnin sjálfur hefur horfið sjónum. Fulltrúi samstarfsflokksins var svo sendur í sjónvarpsal til að svara fyrir málið. Þrátt fyrir að það væri í raun frá því áður en hún kom til starfa. Fulltrúar annars samstarfsflokks brugðu sér í vettvangsrannsókn og stilltu sér ábúðarfullir upp fyrir myndavélar blaðljósmyndara með blaktandi strandstráin í forgrunni.

Uppi eru hins vegar visbendingar um að ekki dugi að þykjast ábúðarfullur einungis nú þegar Braggamálið er í hámaði. Flest virðist nefnilega benda til þess að sú fjármálaáskjalning sem stunduð var í því máli sé regla fremur en undantekning. Fulltrúi Pirata ætti samkvæmt því að fara í sams konar vettvangsferð í Mathöllina á Hlemmi, Perluna og til Félagsbústaða. Dæmin eru miklu fleiri. Kannski væri raunar fljótlegra að finna framkvæmd á vegum borgarinnar sem hefur verið lokið á áætlun og fara þangað í vettvangsferð. Mögulega eru slík dæmi ekki til enda er haft fyrir satt að framkvæmdir á vegum borgarinnar fari að jafnaði 60 til 90% fram úr áætlunum.

Sú fjármálaáskjalning sem birtist í reglulegum framúrkeyrslum við framkvæmdir á vegum borgarinnar birtist einnig í tekjuöflun, skuldastöðu og rekstrarafkomu borgarinnar. Borgin hefur aldrei nokkru sinni haft meiri tekjur, enda góðari ríkt í landinu undanfarnin ár. Samt er útsvar í hæstu lögleiðu hæðum, þjónustugjöld sömuleiðis og borgin ætlar meira að segja að greiða sér arð úr Orkuveitunni. Vætanlega til að setja enn frekari fjármuni á balið. Þrátt fyrir þetta er tap af reglubundnum rekstri borgarinnar. Skuldastaða borgarinnar er svo umfjöllunarefni út af fyrir sig, en borgarstjóra tókst að auka skuldir um 45% á síðasta kjörtímabili samhliða fordæmalausri tekjuaukningu. Braggamálið svokallaða er því ekki annað en birtingarmynd af fjármálaáskjalning sem viðgengist hefur til fjölda ára, og á að skoðast í því ljósi.

Því er athyglisvert að sjá forstjóra Félagsbústaða axla ábyrgð vegna framúrkeyrslu hjá sínu fyrirtæki. Sá munur er þó á að Félagsbústaðir veita raunverulega grunnþjónustu. Slíkt er ekki hægt að segja um Braggann, Mathöllina eða Perluna. Þar er um hrein gæluverkefni að ræða. Borgin er komin langt út fyrir hlutverk sitt og meirihlutinn umgengst skattfé af fádæma vanvirðingu og kæruleysi. Málið er alvarlegra en svo að boólegt sé að biða í 30 mánuði eftir niðurstöðu innri endurskoðunar borgarinnar. Meirihlutunum á ekki að leyfast að svæfa málið.

## Félag Svanhildar hagnast um 464 milljónir

Félag Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur fjárfestist skilaði ríflega 464 milljóna króna hagnaði í fyrra, samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins, K2B fjárfestinga ehf. Til samanburðar hagnaðist félagið um rúmar 25 milljónir króna árið 2016.

Eignir félagsins námu tæplega 4,5 milljörðum króna í lok síðasta árs en á sama tíma var bókfært eigið fé þess tæpir 3,9 milljarðar króna. Langtímaskuldir K2B fjárfestinga voru rúmlega 411 milljónir króna í lok ársins og skammtímaskuldir um 51 milljón.



Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir.

Félagið er meðal annars í hópi stærstu hluthafa í tryggingafélaginu VÍS, Kvikubanka og Kortþjónustunni. Svanhildur Nanna situr í stjórn VÍS en eiginmaður hennar, Guðmundur Örn Þorbjörnsson, er hins vegar varaformaður stjórnar Kvikubanka.

Eins og kunnugt er tók héraðs-saksóknari til skoðunar í sumar kaup hjónanna, ásamt öðrum fjárfestum, á hlutum í Skeljungi árið 2008 og færeyska olíufélaginu P/F Magn árið 2009. – Kij

13.10.2018

**Kaupmáttar-  
aukningin  
hefur verið mjög  
mikil en að svo  
stöðu er ekki hægt  
að ganga lengra.**

Ágúst Torfi Hauksson,  
framkvæmda-  
stjóri Norð-  
lenska



## Verðmæti

**Hámarkaðu árangurinn þinn  
og verðmæti með því að nýta þér  
fjölbreytta þekkingu og viðtæka  
reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar**


Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

PwC | Sími 550 5300 | [www.pwc.is](http://www.pwc.is)

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja-skatta- og lögræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsvík





# Lof mér að falla Styrktar- sýning

Allur aðgangseyrir rennur  
til skaðaminnkunarverkefna  
Rauða krossins

Fimmtudaginn 18. október  
Háskólabíó kl. 20.50  
Borgarbíó kl. 17

Styrktu skaðaminnkunarverkefni  
Rauða krossins um 1900 kr. með því  
að senda „Takk“ í númerið 1900.



Frú Ragnheiður  
Ungfrú Ragnheiður  
á Akureyri  
Konukot



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Hvöss vestlæg átt með súld og slyddu til fjalla NV til. Hvassast við fjöll syðra en lægri er liður á daginn og styttr upp. Snýst í vaxandi suðaustanátt með vætu SV til. Hiti 1 til 10 stig, mildast við SA-ströndina.



## Fimmtudagur

<b>Reykjavík</b> 8° ↑ 7	<b>Ísafjörður</b> 5° ↑ 5	<b>Akureyri</b> 5° ↘ 4	<b>Reykjavík</b> 6° ↗ 8	<b>Ísafjörður</b> 4° ↗ 6	<b>Akureyri</b> 6° ↗ 8
<b>Egilsstaðir</b> 7° ↑ 10	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 7° ↘ 10	<b>Hveravellir</b> 2° ↘ 19	<b>Egilsstaðir</b> 8° ↑ 7	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 6° ↗ 14	<b>Hveravellir</b> 1° ↗ 12

## Föstudagur

### LÉTT

	2	4	1		8	6
5		3	7	8	9	
4			9	7		
	4				8	
	7	8		9		
	5				3	
	8	3	7		1	2
1		6	2	3	4	7
2		1			6	

### MÍDLUNGS

			3		5	8	1
6		7					
8	4	9		2	3		
4			6		7	9	
		2		4		3	
9	1		4		2		
	8	4	6			9	
2	6						

### ÞUNG

		7	9	6			5
	5						6
3		4				8	
1	4					5	
						9	
	8		1	4			
	2				9		8
				7		1	3
3	1		5		2	7	

## Krossgáta

- LÁRÉTT**
- tilgreina
  - skel
  - íþróttafélag
  - spauga
  - tveir eins
  - móðurlif
  - strit
  - sýra
  - eiturlyf
  - efni

- LÓDRÉTT**
- dúknál
  - ágætis
  - framkoma
  - dád
  - búhygginn
  - veggspjald
  - tjarga
  - dolla
  - tveir eins

1	2	3	4		
5			6	7	
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. nefna, 5. aða, 6. fh, 8. gaspra, 10. ll, 11. leg, 12. bakki, 13. eðlik, 15. kókain, 17. sarlin. LÓDRÉTT: 1. nafnk, 2. eðal, 3. fas, 4. arrek, 7. hag-sým, 9. plaket, 12. bíka, 14. dos, 16. ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Serper átti leik gegn Erneste í Helsinki árið 1992.

- .... Hxd1+! 2. Kxd1 Dg1+
  3. Ke2 Bg4+ 4. Kd3 Df1+ 0-1.
- Vignir Vatnar Stefánsson sigraði á Meistararnóti Hugins sem lauk í fyrradag. Annar og um leið skákmeistari Hugins varð Kristján Eðvarðsson.

skák.is: U-2000 mótið hefst í kvöld.



3	6	8	2	5	9	4	7	1
4	1	2	7	3	8	9	5	6
7	5	9	6	1	4	2	8	3
5	9	6	4	8	1	7	3	2
1	2	3	5	9	7	6	4	8
8	4	7	3	6	2	1	9	5
2	8	5	9	4	6	3	1	7
6	3	4	1	7	5	8	2	9
9	7	1	8	2	3	5	6	4
3	1	7	4	6	2	5	9	8
2	8	6	5	9	7	4	1	3
4	5	9	3	8	1	6	7	2
8	9	3	1	2	7	4	5	6
5	7	8	6	4	9	3	2	1
6	4	1	2	7	3	9	8	5
9	2	3	8	1	5	7	4	6
7	6	2	9	3	8	1	5	4
1	3	5	7	2	4	8	6	9
8	9	4	1	5	6	2	3	7
4	6	1	8	5	3	9	2	7
5	7	2	6	9	4	8	1	3
8	9	3	1	2	7	4	5	6
8	9	3	1	2	7	4	5	6
7	3	5	2	4	9	6	8	1
1	8	4	3	7	6	5	9	2
6	2	9	5	8	1	3	7	4
2	1	6	9	3	5	7	4	8
3	5	7	4	1	8	2	6	9
9	4	8	7	6	2	1	3	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Frode Øverfi

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# FÁÐU ÞÉR SJÁLFSKIPTAN KARL

Opel Karl Enjoy. Verð: 2.190.000 kr.  
**Tilboðsverð, sjálfskiptur: 1.990.000 kr.**

5 ára vörðug  
 Þýsk garði  
 Þýsk hönnun  
 Þýsk hagvæmni

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel Karl á [opel.is/karl](http://opel.is/karl)



# FARTÖLVURÝMING

## TÖLVULISTINN



**-30.000**

ASU-K505ZAB0218T

LÉTT 15,6" VIVOBOKK MEÐ  
RYZEN 7 OG RX VEGA 10

**109.995**

~~139.995~~



ASU-E406SAEB094T

NETT MEÐ 14" FULL HD SKJÁ  
OG INTEL PENTIUM

**54.995**

~~69.995~~

**-15.000**



MSI-9S717C512052

17,3" 120Hz LEIKJAFARTÖLVA MEÐ GTX1070  
OG HRADVIRKUM INTEL I7 ÖRGJÖRVA

**-50.000**

**319.995**

~~369.995~~



ACE-NXH1CED007

HRADVIRK MEÐ 8. KYNSLÓÐAR  
INTEL OG OPTANE MINNI

**-20.000**

**94.995**

~~114.995~~



**-15.000**

ACE-NXGY9ED010

ÓTRÚLEGT VERÐ FYRIR 15,6" FARTÖLVU  
MEÐ RYZEN 3 OG 256GB SSD

**69.995**

~~84.995~~

**TUGIR FARTÖLVA Á RÝMINGARAFSLÆTTI – HEFST KL. 10:00**

TEMPUR-DAGAR  
**25% AFSLÁTTUR**  
KOMDU NÚNA!



TEMPUR

AD SOFA ER EITT  
AD HVÍLAST ER ANNAD

ALLT ÞAD NÝJASTA FRÁ TEMPUR ...  
**TEMPUR-DAGAR**  
... MED 25% AFSLÆTTI Í BETRA BAKI Í OKTÓBER

TEMPUR® Hybrid  
Hönnuð fyrir sneggra viðbragð



TEMPUR® Original  
Hönnuð fyrir meiri stuðning



TEMPUR® Cloud  
Hönnuð fyrir meiri mykt



Nýjar gerðir og fjölbreytt úrval  
**TEMPUR**  
heilsukodda



FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIDI 1  
Ísafirði  
456 4566

**Betra BAK**



Ljósmyndirnar í bókinni eru til sýnis í Ásmundarsal þar sem Ragnar stíllti sér upp. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Óður til íslensku jöklanna

**Ragnar Axelsson sendir frá sér nýja ljósmyndabók. Samband manns og jökuls nánast eins og ástarsamband. Vinnur að ljósmyndabók um grænlenka hundinn sem kemur út á næsta ári.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is



Jökull er ný og glæsileg ljósmyndabók eftir hinn þekktu ljósmyndara Ragnar Axelsson, eða Rax eins og hann er iðulega kallaður. Bókin er gefin út af Qerndu, nýju forlagi Ragnars, Heiðars Guðjónssonar og Einars Geirs Ingvarssonar, en sá síðastnefndi sá um hönnun bókarinnar og gerði það listaverk.

Eins og heiti bókarinnar gefur til kynna geymir hún myndir af jöklum Íslands. Ragnar skrifar stuttan texta um myndirnar, Ólafur Eliasson skrifar formála og Tómas Guðbjartsson eftirmála. Elstu myndirnar í bókinni eru tíu ára gamlar en þær nýjustu frá síðustu þremur árum. Flestar eru þær teknar úr flugvél.

### Fígúrir, form og mynstur

„Bókin er óður til íslensku jöklanna sem eru að bráðna. Ef fólk skoðar hana í rólegheitum kemur það auga á alls konar figúrir, form og mynstur sem leynast í myndunum. Um leið er eins og andlit jarðarinnar sé að tala við okkur. Það er allavega þannig sem ég hagsaði þetta.“ segir Ragnar. „Bókin byrjar á myndum af jöklum en endar úti í sjó. Skilaboðin eru þau að jöklarinn séu að bráðna.“

Hversu alvarlegt er ástandið?  
„Náttúrulegar sveiflur í hitastigi jarðar hafa áður brætt jöklana sem hafa bæði verið stærri og minni en þeir eru í dag. Þeir eru núna að bráðna hraðar en búist var við. Vísindamenn segja mér að ekkert muni duga til að stöðva bráðnun þeirra, þeir munu hverfa á 150 til 200 árum. Ég var í sveit undir jöklunum á Kvískerjum í Óraefum. Þar gekk ég á jöklum sem nú eru hornfir. Ég horfði á þessa jökla og sá þá breytast og hopa.“

Hvernig tilfinning er það að sjá jöklana bráðna?  
„Ég segi bara eins og Hálf dán á Kvískerjum: Maður sættir sig við það. Samt er sárt til þess að vita. En svo kemur nýtt land í ljós og það er spennandi.“



Myndir Ragnars sýna alls kyns mynstur og form jöklanna.



„Fyrst og fremst listaverk,“ segir Tómas Guðbjartsson í eftirmála um myndir Ragnars. Það eru orð að sönnu.

### Allt af bjartsýnn

Hvað er svo sérstakt við samband manns og jökuls?

„Það er svo skrýtið að það verður nánast eins og ástarsamband. Jöklar heilla því það eru svo falleg form í þeim. Ég lærði af körlunum á Kvískerjum að horfa á jöklana og sjá í þeim andlit og alls kyns form, þetta var eins og leikur litils barns sem horfir á skýin.“

Okkur er sagt að við höfum ekki ykja mörg ár til að bjarga jörðinni, áhrif loftslagsbreytinga verði svo skelfileg. Ert þú eins svartsýnn og margir?  
„Ég er allt af bjartsýnn. Norður-slóðabjörðirnar bera litla sem enga

ábyrgð á því sem er að gerast heldur eru það stórbjörðir sem menga svo gríðarlega. Vitanlega eigum við að taka til hjá okkur sjálfum, en stóru vandamálin eru ekki hér heldur þar.“

Næsta verkefni Ragnars er bók um grænlenka hundinn sem kemur út á næsta ári. „Það eru til stórkostlegar sögur af grænlenka hundinum, sem hafa aldrei verið sagðar. Grænlenkskir veiðimenn kunna þessar sögur en hafa ekki viljað segja þær fyrir en nú. Það tók mig þrjú ár að toga þær upp úr þeim,“ segir hann.

Ljósmyndirnar í bókinni eru til sýnis í Ásmundarsal, Freyjugötu, og stendur sú sýning til 30. nóvember.

Vissir þú að...

Foreldrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.



## Áhugaverður en einmanalegur píanódjass

TÓNLIST  
★★★★★

**Djasstónleikar**  
Marc Copland lék á píanó tónlist úr ýmsum áttum

Salurinn í Kópavogi

Sunnudaginn 14. október

Ég las einu sinni bók eftir stjórnanda tónlistarskóla. Bókin var leiðarvísir fyrir foreldra sem ætla að senda börnin sín í tónlistarnám. Fjallað var um ólíka persónueiginleika barna og hvernig þeir henta mismunandi hljóðfærum eða hljóðfærategundum. Foreldrar vita það ekkert endilega. Börn eru oftast send í píanónám en píanóið hentar ekki öllum. Píanóið kallar á flóknar hreyfingar og mikla einbeitingu tiltölulega snemma. Og ekki bara það: Barnið þarf að vera einfari í eðli sínu. Ólíkt fjörugum spilurum í lúðrasveitum eða strengjasveitum er píanómemandinn að mestu leyti einn með sjálfum sér.



Marc Copland.

Mér datt þetta í hug á tónleikum Marcs Copland píanóleikara í Salnum í Kópavogi á sunnudagskvöldið. Hann spilaði einn og tónlistin var angurvær og dálítið sérvitringleg. Yfirbragð hans var í takt við tónlistina. Hann talaði lágt og var með óhrjálega, brúna hliðartösku sem hann skildi aldrei við sig. Hún var við fætur hans þegar hann spilaði og hann bar hana ætíð með sér er hann fór inn og út af sviðinu. Af hverju var óljóst, því hann tók ekki neitt upp úr henni. Kannski var þetta einhvers konar verndargripur.

Tónlistin sem sliik var skemmtileg. Hún var úr ýmsum áttum, en einkennandi fyrir hana yfirleitt var frjótt imyndunarafli. Djassinn er sjaldnast eitthvert popp sem byggir bara á faeinum gripum. Þvert á móti eru djasshljómarinnir og -skalarnir óteljandi. Copland var greinilega með þá alla á hreinu því hann kom stöðugt á óvart. Stundum var nánast eins og hann væri að spila franskan impressjónisma úr heimi klassískrar tónlistar, framvinnan var háþröuf og flókin og fór jafnvel út á ystu nöf. Hann passaði sig samt á að fara ekki fram af; lögin fundu venjulega gripandi einfaldleikann aftur í lokin.

Tæknilega séð var Copland þó ekkert sérstaklega fimur. Hröð tónahlaup og aðrar krúsidúllur voru stíðar. Margir djasspíanóleikarar eru mjög tekniskir, eins og t.d. Herbie Hancock og Keith Jarrett. Tækni þeirra gerir þeim kleift að skapa dramatískar andstæður, fara með tónlistina í tilfinningarússibana þar sem allt verður vitlaust. Ekkert sliik var uppi á teningnum hér. Tónlistin var gáfuleg en tilfinningalega fjarlæg. Frásögnin var öll á vitræna sviðinu. Þetta gerði upplifunina á köflum nokkuð þurra.

Tónleikarnir voru þeir fyrstu í sérlega spennandi röð sem nefnist Jazz í Salnum. Þar verður boðið upp á einleiksdjass tónleika, sem eru afar sjaldgæfir hér á landi. Venjulega spilar fólk saman þegar djass er á boðstólum, allt frá djasstriómum upp í stórsveit. Tónleikaröðin í Salnum er því frábær nýbreytni í tónlistarlífinu á Íslandi og framhaldið er svo sannarlega tilhlökkunarrefni.

Jónas Sen

**MIÐURSTADA:** Flott tónleikaröð, tónleikarnir sjálfir voru athyglisverðir en skorti tilfinningalega breidd.

## Afskaplega gott að syngja eftir Jón Ásgeirsson, það virkar allt

Hvísar mér hlynur er yfirskrift Tíbráttónleika í Salnum sem hefst klukkan 20 í kvöld, til heiðurs Jóni Ásgeirssyni tónskáldi, í tilefni af nýliðnu níræðisafmæli hans. Þar verða mörg af hans fegurstu sönglögum, aríum og dúettum flutt af þeim Auði Gunnarsdóttur sópran, Gunnari Guðbjörnssyni tenór og Snorra Sigfúsi Birgissyni píanista.

„Parna eru þeir úr leikritum og mörg af Jóns þekktustu lögum, Hjá lygnri móðu, Haldióun Gróa

hafi skó, Þú kysstir mína hönd og Svanurinn og fleiri,“ segir Gunnar Guðbjörnsson um dagskrána.

„Auk þess er óperuvinkill og svo frumflytjum við fjögur lög, ansi merkileg og falleg, samin við ljóð Þorsteins frá Hamri,“ heldur hann áfram og kveðst finna þar nýjan hljóð hjá tónskáldinu. „Jón er þó ekkert að reyna að hlífa söngvurum músiklega, gerir alveg kröfur, en það er afskaplega gott að syngja eftir hann Jón Ásgeirsson, það virkar allt.“ – gun



Auður og Snorri Sigfús á æfingu en Gunnar stunginn af! FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



# TIL HAMINGJU!




**Birkir Blær hlýtur Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir *STORMSKER***

**Hörkuspennandi frásögn af hugröckum krökkum**

**LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA**

Bókabúð Forlagsins | Fiskilóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

17. OKTÓBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Hvilur mér hlynur – Tónleikar til heiðurs Jóni Ásgeirssyni  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi  
Í kvöld byður tónleikaröðin Tíbra til sönglagaveislu með mörgum af fegurstu lögnum, aríunum og dúettunum eftir Jón Ásgeirsson. Tónleikarnir eru til heiðurs Jóni sem fagnaði níraðsáfmæli 11. október sl. Á tónleikunum verða frumfluttir fjórir söngvar eftir Jón við kvæði borsteins frá Hamri. Auk þess eru á efniðskránni m.a. lögín Hjá Iygnri móðu, Haldióun Gróa hafi sko, Þú kysstir mína hönd, Vor hinsti dagur er hniginn, Minning um barn, Svanurinn og Hvilur mér hlynur o.fl.

**Hvað?** Gunnar Hilmarsson Trío á Múlanum  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Harpa  
Á þessum tónleikum haustdag-skrár Múlan kemur fram tríó gítarleikarans Gunnars Hilmarssonar. Tríóið spilar svingtónlist með tveimur gítörum og kontrabassa. Innblástur að hljómgrunninum er fenginn frá sígauna-gítarleikaranum Django Reinhardt. Á fyrri hluta 20. aldar lagði Reinhardt grunninn að djassgítarstil sem í dag er kenndur við hann og er enn í stöðugri þróun. Hljóm-sveitin hefur einnig verið að máta nýrri lög við þennan búning og tekist vel til. Í janúar 2018 spilaði tríóið á Djangohátíð í Amsterdam í Hörpu þeirra Hol-lendinga: Bimhuis, við góðar undirtektir. Hljóm-sveitina skipa: Gunnar Hilmarsson og Jóhann Guðmundsson á gítara ásamt Leifi Gunnarssyni sem leikur á kontrabassa.

### Viðburðir

**Hvað?** Auður Bjarnadóttir um Biblíuna  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Hallgrímskirkja  
Hvaða minningar á Auður Bjarnadóttir, jógakennari og leikstjóri, um Biblíuna? Hvernig metur hún gildi hennar? Áhrifasaga Biblíunnar er mikilfengleg. Hvað í Biblíunni skiptir nútímafolk máli og hvað gegnir hlutverki í menningu samtíðar? Í haust mun hópur fólks tala um Biblíuna í Hallgrímskirkju, rifja upp persónulegar minningar og reða um nútíma-gildi biblíuáðöskapar. Auður er þriðja í röð átta frummælenda í Biblían – menning og minning.

**Hvað?** Virðingarríkt tengslaupplífi í Fjölskyldustund í Sólheimum  
**Hvenær?** 13.00  
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Sólheimum



Einar Káráson rithöfundur mætir á fund Bókmenntaklúbbsins Hana-nú í Bóka-safni Kópavogs. Fundurinn fer fram á 1. hæð aðalsafns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í dag mun Kristín Björg Viggósdóttir kynna RIE – virðingarríkt tengslaupplífi. RIE stendur fyrir Resources for Infant Educators en er oft þekkt sem Respectful Parenting eða Mindful Parenting. Megináhersla RIE-upplífis- aðferðarinnar felst í virðingu fyrir börnum, sjálfstæði þeirra og frelsi til að leyfa náttúrulegri hæfni þeirra að blómstra og þróast án mikilla inngripa.

að fullgildri námsgrein. Hér munu tíu ljóðskáld sem hafa numið ritlist við Háskólann lesa úr ljóðum sínum.

**Hvað?** Hvernig á ég að flytja að heiman?  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Stúdentakjallarinn Landsbankinn í samstarfi við fjármála- og atvinnulífsnefnd byður á fræðslukvöld á Stúdentakjallarunum þann 17. október kl. 20. Fyrirlesarar kvöldsins eru Ari Skúlason, hagfræðingur í Hagfræðideild Landsbankans, Rebekka Sigurðardóttir, upp-lýsingafulltrúi Félagsstofnunar stúdenta, og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur.

**Hvað?** Hlaupið gegn skeytingarleysi  
**Hvenær?** 16.00  
**Hvar?** Útvarpshúsið, Efstaleiti

Hlaupið hefst við Útvarpshúsið í Efstaleiti kl. 16 og endar í Fógetagarðinum kl. 17 þar sem upplæstur hefst og stendur til kl. 18. Hlaupið verður fram hjá Klambatrúni, Hlemmi og niður Laugaveg þar sem hægt verður að koma inn í hlaupahópinum við Þjónustumíðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og hvetjum við fólk til að hlaupa eða ganga með okkur síðasta spólinn.

**Hvað?** Prefalt útgáfuþófi Sigrúnar og Þórarins Eldjárns  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Eymundsson, Austurstræti Verið velkomin í sameiginlegt útgáfuþófi Sigrúnar og Þórarins Eldjárns í Pennanum Eymundsson og dag kl. 17.00. Tilefnið er að þessu sinni þrjúskipt þar sem útgáfu Silfrýksins, Vammfirringar og Ljóþundara verður fagnað.

**Hvað?** NBA MegaQuiz í lóni  
**Hvenær?** 20.30  
**Hvar?** lóni  
NBA-deildin hófst í gær og verður því spæst í risa spurningakeppni um deildina, nútímann, söguna, titlana og dramað.

**Hvað?** Bókmenntaklúbburinn Hana-nú! – Einar Káráson  
**Hvenær?** 16.00  
**Hvar?** Bókasafni Kópavogs  
Einar Káráson rithöfundur mætir á fund Bókmenntaklúbbsins Hana-nú! og ræðir verk sín. Fundurinn fer fram á 1. hæð aðalsafns. Heitt á könnunni og nýir meðlimir velkomin.



Sigrún Eldjárn og Þórarinn Eldjárn halda sameiginlegt þrefalt útgáfuþófi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

**Hvað?** Virðing og traust í samskiptum  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi Í heimspelikaffi 17. október í Gerðubergi fjallar Gunnar Hersveinn rithöfundur og heimspellingur m.a. um virðingu og Guðrún Snorradóttir stjórndaradögjafi varpar ljósi á traust í mannlegum samskiptum. Hvernig hlúum við að trausti og hvað einkennir þá sem að við treystum?

**Hvað?** Veður X Berjamór – Náttúruvinn  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Veður bar, Klapparstíg Nú falla af trjánnum blóð og þá er lag að fá sér glas af náttúruvinnu í góðra vina hópi. Í dag munu vin-brjálaðingarnir í Berjamór fá inni á einum fallegast þar landsins – Veðri á Klapparstíg. Í boði verða úrvals náttúruvinn frá Evrópu. Vin sem eru gerð með eins litlum afskiptum og hægt er af hálfu vinn-bönda og látin gerjast á náttúru- legan hátt.

**Hvað?** Þár í tíu ár – Ljóðakvöld  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Loft, Bankastræti Dagana 15.–20. október halda nemendur í ritlist við Háskóla Íslands, fyrirverandi og núverandi, upp á það með ýmsu móti að tíu ár eru liðin frá því að ritlist varð

HITTU OKKUR Á FACEBOOK 6 / REKKJAN

# HAUST ÚTSALA

Royal Corinna

## 30% AFSLATTUR

rekkjan HEILSORUM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955  
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

## GARÐS APÓTEK

- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir  
Pantaðu tiltekt á appotek.is  
eða í síma 568 0990  
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum  
Pantaðu sendingu á appotek.is  
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut  
Opíð kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

VINNUVERND ER ALLRA HAGUR

## HÆTTULEG EFNÍ Á VINNUSTÖÐUM

Vinnueftirlitið stendur fyrir ráðstefnu í tilefni átaks Vinnuverndarstofnunar Evrópu (EU-OSHA) um hættuleg efni á vinnustöðum á

Grand hótél í Reykjavík  
Þann 19. október 2018  
Kl. 9 - 12

Á ráðstefnunni verður lögð áhersla á almenna starfsmenn í þrifum og iðnaði, sem meðhöndla hættuleg efni við vinnu.

Öll velkomin, aðgangur ókeypis  
Skráning og frekari upplýsingar á vinnueftirlit.is

VINNUEFTIRLITIÐ  
Vinnueftirlit 2 • 101 Reykjavík • 592 4800  
vinnueftirlit.is • vinnueftirlit.is

## GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17:19 NÁNAR Á BIOPARADÍS.IS

Sunset	17:20	Bráðum verður bylting!	20:00
Kler (Clergy) (POLISH W/ENG SUB)	17:30	Lof mér að falla (ENG SUB)	21:50
Bráðum verður bylting!	18:00	Mandy (ENGLISH WITHOUT SUBTITLES)	22:00
Útey 22. júlí	20:00	Sorry to Bother You	22:30
Kler (Clergy) (POLISH W/ENG SUB)	20:00		

# Ella's kitchen

100% lífræn

Audvelt að grípa í



Engin aukaeefni

Gómsæt og ljúffeng



## DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons  
07.20 Ævintýri Tinna  
07.45 Strákarnir  
08.10 The Middle  
08.35 Ellen  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 The Doctors  
10.20 Jamie's 15 Minute Meals  
10.45 The Big Bang Theory  
11.05 Spurningabomban  
11.50 Deception  
12.35 Nágrannar  
13.00 Masterchef The Professionals Australia  
13.45 The Heart Guy  
14.35 The Night Shift  
15.20 Léttir sprettir  
15.45 PJ Karsjó  
16.15 The Bold Type  
17.00 Bold and the Beautiful  
17.20 Nágrannar  
17.45 Ellen  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.55 Ísland í dag  
19.10 Sportpakinn  
19.20 Fréttayfirlit og veður  
19.25 Vikingalotto  
19.30 I Feel Bad Frábærir gamanþættir um Emet sem hefur reynt að vera hin fullkomna móðir, yfirmaður, eiginkona, vinkona og dóttir en nú er komið að þeim tímamarki að hún áttar sig á því að það er krefjandi að sinna öllum þessum hlutverkum og það er í lagi að vera ekki með allt á hreinu.

19.55 Einfalt með Evu  
20.20 Grey's Anatomy  
21.05 The Good Doctor  
21.50 Camping Nýir gamanþættir frá HBO með Jennifer Garner og David Tennant í aðalhlutverkum. Kathryn og Walt eru óhamingjusömu hjónabandi. Þau ákveða að reyna að blása í glæðurnar og endurnýja rómansinn með því að skipuleggja hina fullkomnu útlegu í ævintýralegu umhverfi. Allt fer þó á annan veg en ætlað var þegar óvænta gesti ber að garði og kómísk atburðarás fer af stað.  
22.15 Wentworth  
23.05 Orange Is the New Black  
00.05 Lethal Weapon  
00.50 Counterpart  
01.35 Wentworth  
02.25 Ballers  
02.55 StartUp  
03.40 Between Two Worlds  
05.20 Pure Genius  
06.05 Pure Genius

## STÖÐ 2 SPORT

07.10 Valur - Selfoss  
08.40 Írland - Wales  
10.20 Frakkland - Þýskaland  
12.00 Þjóðadeildarmörkin  
12.20 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur 2018/2019  
12.45 Rúmenía - Serbía  
14.25 Rússland - Tyrkland  
16.05 Pólland - Ítalía  
17.45 Valur - Selfoss  
19.15 Selfoss - Valur  
20.55 Frakkland - Þýskaland  
22.35 Bballography: Schayes  
23.00 Stjarnan - Snæfell

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.50 Ísland - Spánn  
11.10 Liverpool - Manchester City  
12.55 Messan  
14.05 Írland - Wales  
15.45 Ísland - Spánn  
19.05 Stjarnan - Snæfell  
21.15 Oakland Raiders - Seattle Seahawks  
23.40 Selfoss - Valur

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



## EINFALT MEÐ EVU

KL. 19:55

Skemmtilegir og girnilegir matreiðsluþættir úr smíðju Evu Laufeyjar þar sem hún leggur áherslu á einfaldan og hollan mat sem hentar nútíma fjölskyldum í dagsins önn.



## Frábær miðvikudagur

Fáðu þér áskrift á [stod2.is](http://stod2.is)



## GREY'S ANATOMY

KL. 20:20

Það er allt að gerast á bráðadeildinni á Grey-Sloan spítalanum og nú hafa nýir læknar bæst við bráðadeildina sem eiga það til að flækja málin.

## THE GOOD DOCTOR

KL. 21:05

Önnur séria þessara dramatísku þátta um ungan einhverfan skurðlækni sem er róiðinn á barnadeild á mikilvirtu sjúkrahúsi. Það mun hugsanlega draga diik á eftir sér.



## CAMPING

KL. 21:50

Það úr vöndu að ráða þegar blása á í glæður hjónabandsins. Gráglettnir glænýir gamanþættir úr smíðju HBO með Jennifer Garner og David Tennant í aðalhlutverkum.

Allt þetta og meira til á [adeins.9990.kr](http://adeins.9990.kr).

[stod2.is](http://stod2.is)

## STÖÐ 3

18.55 Great News  
19.20 Arrested Development  
20.00 Seinfeld  
20.25 Friends  
20.50 Two and a Half Men  
21.15 All American  
22.00 American Horror Story 8: Apocalypse  
22.45 The Hundred  
23.30 The New Girl  
23.55 Boardwalk Empire  
01.30 Seinfeld  
01.55 Friends  
02.20 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Svampur Sveinsson  
07.49 Lalli  
07.54 Pingu  
08.00 Strumparnir  
08.25 Ævintýraferðin  
08.37 Gulla og grænjaxlarnir  
08.48 Hvellur keppnisbill  
09.00 Stóri og litli  
09.13 Tindur  
09.23 Mæja býfluga  
09.35 K3  
09.46 Grettir  
10.00 Dóra könnuður  
10.24 Mörgæsinar frá Madagaskar  
10.47 Doddi litli og Eyrnastór  
11.00 Áfram Diego, áfram!  
11.24 Svampur Sveinsson  
11.49 Lalli  
11.54 Pingu  
12.00 Strumparnir  
12.25 Ævintýraferðin  
12.37 Gulla og grænjaxlarnir  
12.48 Hvellur keppnisbill  
13.00 Stóri og litli  
13.13 Tindur  
13.23 Mæja býfluga  
13.35 K3  
13.46 Grettir  
14.00 Dóra könnuður  
14.24 Mörgæsinar frá Madagaskar  
14.47 Doddi litli og Eyrnastór  
15.00 Áfram Diego, áfram!  
15.24 Svampur Sveinsson  
15.49 Lalli  
15.54 Pingu  
16.00 Strumparnir  
16.25 Ævintýraferðin  
16.37 Gulla og grænjaxlarnir  
16.48 Hvellur keppnisbill  
17.00 Stóri og litli  
17.13 Tindur  
17.23 Mæja býfluga  
17.35 K3  
17.46 Grettir  
18.00 Dóra könnuður  
18.24 Mörgæsinar frá Madagaskar  
18.47 Doddi litli og Eyrnastór  
19.00 Kalli á þakinu

Dóra könnuður kl 10.00, 14.00 og 18.00



## GOLFSTÖÐIN

08.05 Keb Hana Bank Open  
12.45 PGA Tour: Arnold Palmer's Legacy  
13.30 Golfing World 2018  
14.20 CIMB Classic  
18.40 PGA Highlights 2018  
19.35 Golfing World 2018  
20.25 Champions Tour Highlights 2018  
21.20 Keb Hana Bank Open  
02.00 The CJ Cup @ Nine Bridges

## STÖÐ 2 BIÓ

11.45 Norman  
13.40 Experimenter  
15.20 Absolutely Fabulous: The Movie  
16.50 Norman  
18.50 Experimenter Dramatísk mynd frá 2015 með Peter Sarsgaard og Winona Ryder. Myndin er byggð er á sögu hins þekktu geðlækni Stanley Milgram, sem framkvæmdi röð róttækra tilrauna um hegðun fólks árið 1961, sem prófuðu vilja manna til að fylgja fyrirælum og gefa rafstuð. Myndin segir frá því þegar Milgram kynnt eiginkonu sinni og svo hinum umdeildu tilraunum sem ollu miklu fjaðrafoki.  
20.30 Absolutely Fabulous: The Movie  
22.00 Lion  
00.00 Mr. Right  
01.35 Armed Response  
03.10 Lion

## RÚV

13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2009-2010  
13.55 Úr Gullkistu RÚV: Halldór um ...  
14.20 Úr Gullkistu RÚV: Gott kvöld  
15.10 Plastbarkamálið  
16.10 Úr Gullkistu RÚV: Á tali við Hemma Gunn  
17.00 Úr Gullkistu RÚV: Eldsmíðjan  
17.45 Táknaðsfréttir  
17.55 Disneysundin  
17.56 Gló magnaða  
18.17 Sigildar teiknimyndir  
18.24 Sögur úr Andabæ  
18.45 Úti í umferðinni  
18.50 Krakkafréttir  
18.54 Vikinglotto  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós  
19.50 Menningin  
20.00 Kiljan  
20.40 Ofurheilar - Kvíði  
21.10 Rivieran  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veður  
22.20 Vietnamstríðið  
23.20 Vegir Drottins  
00.20 Kveikur  
00.55 Kastljós  
01.10 Menningin  
01.20 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil  
08.45 The Tonight Show  
09.30 The Late Late Show  
10.15 Siminn + Spotify  
12.05 Everybody Loves Raymond  
12.25 King of Queens  
12.45 How I Met Your Mother  
13.10 Dr. Phil  
13.55 Ally McBeal  
14.40 Ný sýn  
15.15 Með Loga  
16.15 Everybody Loves Raymond  
16.35 King of Queens  
16.55 How I Met Your Mother  
17.20 Dr. Phil  
18.05 The Tonight Show  
18.50 The Late Late Show  
19.35 Survivor  
20.25 Líf kviknar  
21.00 New Amsterdam  
21.50 Station 19  
22.35 Elementary  
23.20 The Tonight Show  
00.50 NCIS  
01.35 Billions  
02.35 The Handmaid's Tale  
03.35 Siminn + Spotify

# Líf kviknar



## GETNAÐUR, MEÐGANGA, FÆÐING OG SÆNGURLEGA

**Líf kviknar** er ný þáttaröð sem fjallar um ferlið frá getnaði að sængurlegu á einlægan og opinskáan hátt. Þættirnir eru byggðir á bókinni Kviknar og eru nú allir aðgengilegir í **Sjónvarpi Símans Premium**

[siminn.is/lifkviknar](http://siminn.is/lifkviknar)



TVET/SH/1106

Colgate®

Nestlé

# Facebook fílaði ekki Magna í rafmagnsstólnum

Halloween Horror Show verður haldið í annað sinn í Háskólabíói og Hofi á Akureyri. Þarna verða góðkunn popp- og rokkklög tekin af búningsklæddu þotuliði íslenskra tónlistarmanna og Hrekkjavökustemmingin í algleymingi.



Facebook þótti Magni heldur óhuggulegur í kynningarmyndbandi fyrir sýninguna og eyddi því.

## EXTRAORDINARY GENERAL MEETING OF CCP EHF.

An extraordinary general meeting of CCP ehf., company no. 450697-3469, will be held on 24 October 2018 at the company's headquarters at Grandagarður 8, 101 Reykjavík, starting at 08:00 GMT.

### AGENDA:

The agenda for the meeting shall be the following:

1. Election of Board of Directors.
2. Amendments to the Articles of Association. The main purpose of the amendments is to change the number of board directors and merge the share classes of the company.
3. Other business lawfully brought to the meeting.

Reykjavík, 16 October 2018

CCP's Board of Directors



Halloween Horror Show sýningin fór fyrst á svið í fyrra og snýr aftur í ár. Greta Salóme, Birgitta Haukdal, Dagur Sigurðsson, Magni, Stebbi Jak, Karlakórinn Fóstbræður ásamt hljómsveit, bakróddum og 20 leikurum stiga á svið og setja saman stærðarinnar tónlistar- og leiklistarsýningu með hrekkjavökubarna í Háskólabíói dagana 26. og 27. október en svo verður haldið með sýninguna til Akureyrar og verður hún í Hofi 3. nóvember.

„Þetta verður sambland af tónleikum og sýningu. Þetta er alveg sturlað – við munum taka lög eins og Zombie, Highway to Hell, Thunderstruck, Creep og fleiri geggjuð lög. Rokkið verður svona uppstáðan þó að auðvitað sé margt annað á dagskrá,“ segir Greta Salóme og bætir við að þarna geti allir fundið eitthvað fyrir sinn smekk og þurfi ekki endilega að vera miklir addændur hrekkjavökunnar sem slíkar. „Óli Egils er kynnrí á sýningunni auk þess að taka nokkur lög sjálfur, þannig að hann er eins konar sýngarmeistari. Hann sér um að það sé alltaf tenging á milli átíða. Þetta er sýning sem ég myndi segja að væri með fjölbreytt lög og fjölbreytta dagskrá.“

Eitt aðalfútið við hrekkjavökuna er auðvitað búningarnir sem eru yfirleitt í hryllilegri kantinum og Greta segir að þeir verði til staðar.

„Það verða svo sannarlega búningar þarna – við erum með búningahönnuð sem er að vinna í Borgarleikhúsinu, Elmar Bjarna, hann hannar á okkur og það verður rosalega mikið lagt upp úr því sjónræna í sýningunni. Á undan sýningunni verður hálf tíma langt fyrirparti þar sem við verðum með 20 leikara að kynda upp í stemmingunni. Gestirnir labba í raun bara inn í annan heim – þannig að það mætir enginn óupphitaður á sýninguna. Í fyrra vorum við með eina sem var í blóðugu baðkari allan tímann, það



var háborð með alls konar. Leikfélagið Hugleikur mun sjá um þessi átíði í ár.“

Greta segir að gestir megi að sjálfsgöðu mæta í búningum á sýninguna og raunar er hvatt til þess – enda er það allt í anda hrekkjavökuhátíðarinnar.

„Það var svolitíð mikið um það að fólk mætti í búningum í fyrra. Við verðum með alveg mega verðlaun fyrir bestu búningana – við kynnum það á sýningunni. Það var mjög skemmtilegt í fyrra að horfa af sviðinu og það voru þarna trúðar og einhyrningar og alls konar að horfa til baka,“ segir hún hlæjandi. „Það var ógeóslaga góð stemming í fyrra og fólk á öllum aldri í göðum fling.“

Greta Salóme segir að auglýsing sem gerð hafi verið fyrir sýninguna hafi upphaflega ekki hlotið náð fyrir augum Facebook vegna ósæmilegs myndfenis – þá var það Magni Ásgeirsson að steikjast í rafmagnsstól sem samfélagsmiðlinum fannst ekki við hæfi að saklausir notendur berðu augum. Hins vegar er búið að kippa því í liðinn og má sjá fyrrverandi raunveruleikabáttastjórna okkar í stólum á Facebook-síðu sýningarinnar – og dæmi hver og einn fyrir sig hvort um ósæmilegt efni sé að ræða.

Miða má fá tix.is.  
stefanthor@frettabladid.is

# Kóngur ofurhuganna

Evel Knievel á sinu sérsmíðaða Harley-Davidson hjóli að fljúga yfir bílaröð í Ontario í Kaliforníuríki. Skömmu síðar lenti hann heilu og höldnu.



**Evel Knievel** hefði orðið áttæður í dag en hann lést árið 2007. Knievel er einn þekktasti ofurhugi allra tíma, brautryðjandi í því að láta ótrúlega hluti virðast einfalda.

**E**vel Knievel, sem hét réttu nafni Robert Craig Knievel, er trúlega einn frægasti áhættuökupór sem uppi hefur verið. Hann stókk yfir bíla og rútur, reyndi að stökkva yfir gljúfur og braut í sér fjölmörg bein á leiðinni á toppinn. Á ferlinum hlaut hann 37 beinbrot enda voru slysin sem hann lenti í flestóll allsvakaleg. Árið 1971, þegar honum mistókst að stökkva yfir þrettán Pepsi-flutningabíla, braut hann báða fætur, handlegg og viðbein, svo að dæmi sé tekið.

Ýmsir hafa fetað í fótspor Knievels, bæði á mótörhjólum og bílum, en flestir minnst hans sem fyrsta ofurhugans. Hann lést 30. nóvember 2007 eftir langvinn veikindi. Aðdáendur og samferðamenn syrgðu hann og gera trúlega enn. „Ofurmennid deyr ekki bara allt í einu, er það nokkuð?“ sagði Billy Rundle, skipuleggjandi hinnar árlegu Evel Knievel-hátíðar. – bb



Evel Knievel að stökkva yfir gosbrunninn í Caesars Palace í Las Vegas. Lendingin klikkaði og endaði hann á sjúkrahúsi. Hvar annars staðar?



Fallhlifin opnaðist of snemma þegar Evel ætlaði að stökkva yfir Snake River gljúfrið í Idaho. Hann hrapaði því niður á botn gljúfursins.



Evel tilkynnti að hann væri hættur að reyna ofurhugaatriði eftir fallið á Wembley. Hann hætti þó við að hætta.

## SKILTI FYRIR ÖLL TÍLEFNI



**FjölPrent**  
Gefur hugmyndum vængi

Fjölprent  
Norðlingabraut 14  
www.fjolprent.is  
Sími: 581 4141

Fjölprent kemur til móts við þá sem vilja einfalda pöntunarferlið og nýta sér Netið. Á vefsíðu Fjölprents geta viðskiptavinir því hannað og pantað vörur sjálfir. Fjölprent er eina fyrirtækið í sínum geira sem býður upp á slíka þjónustu.

## Varmadælar & loftkæling



Kælitækni



Midea  
It's your Idea



- Kyndir húsið á veturna og kælar á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins

kr. 155.000 m.vsk

Midea MOB12

Max 4,92 kW

2,19 kW við -7° úti og

20° inni hita (COP 2,44)

f. íbúð ca 60m<sup>2</sup>.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

gæði - þekking - þjónusta

## STIMPLAR LASERSKURÐUR

... og svo miklu meira



VIÐTALSHERBERGI

AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI



**BODI**  
Stimplagerð bodi.is  
STIMPLADIR FYRIR GÆÐI

Stimplar af öllum gerðum og stærðum.

Pantaðu stimpil á bodi.is

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is



Miami er einn skemmtilegasti skemmtistaður borgarinnar enda hannaður með gleði og huga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Skemmtu sér á Miami eftir landsleik

Landsliðsmennirnir **Rúrik Gíslason, Kolbeinn Sigþórsson** og **Guðlaugur Victor Pálsson** skelltu sér í miðbæinn eftir tapleikinn gegn Sviss og hittu þar gamlan landsliðsfélaga, **Sölva Geir Ottesen**.

Landsliðsmennirnir Rúrik Gíslason, Kolbeinn Sigþórsson og Guðlaugur Victor Pálsson skelltu sér í miðbæjarferð eftir að landsliðsskyldum þeirra var lokið. Félagarnir fóru meðal annars á Miami, hinn stórskemmtilega skemmtistaður á Hverfisgötu, þar sem þeir hittu Sölva Geir Ottesen, fyrrverandi landsliðshetju.

Var kátt á hjalla hjá þeim fjórmenningum þrátt fyrir úrslitin fyrr um kvöldið. Ísland tapaði fyrir Sviss 1:2 og kom Rúrik inn á í leiknum en Kolbeinn var ónotaður varamaður. Guðlaugur Victor var fjarverandi vegna meiðsla. Sátu þeir í

**VAR KÁTT Á HJALLA HJÁ ÞEIM FJÓRMENNINGUM ÞRÁTT FYRIR ÚRSLITIN FYRIR UM KVÖLDIÐ. ÍSLAND TAPADI FYRIR SVISS 1:2.**

sófunum þægilegu sem þar eru inni og spjöllðu saman. Töku ekki leik á borðtennisborðinu sem er niðri enda þreyttir eftir landsliðstörnunna.

Sölvi Geir Ottesen spilaði 28 landsleiki á ferli sínum en hann kom heim í Viking fyrir tímabilið eftir mörg ár í atvinnumennsku.

Hann hitti þremmenningana og fór vel á með boltadrenjunum.

Rúrik átti hörkuskot í leiknum sem fór rétt fram hjá en hann flaug til síns heima í Þýskalandi í gær. Lið hans Sandhausen þarf á öllum hans kröftum að halda í annarri deildinni en liðið situr í næstneðsta sæti með einni sigurleik í fyrstu níu leikjunum.

Guðlaugur Victor er fyrirlíði FC Zürich sem er í öðru sæti í svissnesku deildinni og saga Kolbeins með Nantes ætti að vera öllum kunn en hann hefur ekki spilað deildarleik í rúm tvö ár.

benediktboas@frettabladid.is



Sölvi Geir Ottesen

Kolbeinn Sigþórsson

Rúrik Gíslason

Guðlaugur Victor Pálsson

SÍMAR AUGLÝSINGAÐELDIR - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Víbandóttir johanna@frettabladid.is. ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401; Guðaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is. Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is. Sigfus Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is. Valdimar Biggisson valdimar@frettabladid.is. Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is. FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402; Atli Bergmann atli@frettabladid.is. Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is. Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is. Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is. FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Elín Albertsdóttir elin@frettabladid.is og Ragnheiður Tryggvadóttir heid@frettabladid.is. RÁÐAUGLÝSINGAR. FASTEIGNIR SÍMI 512-5403; Hannar Helguson hannar@frettabladid.is. Víbar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is. ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407; Ana Rut Kristinsdóttir amanar@frettabladid.is. Guðrún Inga Crétarsdóttir gudruning@frettabladid.is

SUNSTAR  
**GUM**  
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.™

Tannlæknar  
mæla með  
GUM  
tannvörum

Mundir þú eftir að  
bursta og skola í  
morgun?

Fæst í næsta  
apóteki og helstu  
stórmörkuðum



ARTASAN

www.artasan.is

## Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



**TÓNASTÖÐIN**  
Allt fyrir tónlistarmanninn



# Varahlutir í bílinn

Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu



Rafgeymar



Smursiur




Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar



Tímareimar og vatnsdælur



Kúplingar



Hemlahlutir



Demparar, gormar og stýrisendar





## BAKÞANKAR

Bjarna  
Karlssonar



## Ungir syrgjendur

Líðna helgi tók ég þátt í mögnuðu verkefni er hópur ungmenna á aldrinum tíu til sautján ára kom saman í Vindáshlið í Kjós í því skyni að vinna með sorg í kjölfar ástvinamissis. Verkefnið ber heitið Örninn og er á vegum Vídalinskirkju. Í þverfaglegu umsjónarteymi voru sálfræðingar og sjúkraljálfafrí, prestar og djákni, matreiðslumeistari. Sams konar helgardvöl var haldin sl. vor og nú líkt og þá fengum við sem eldri erum endurnýjaða trú á lífið.

Einhver hefði haldið að svona dvöl væri hlaðin alvörubunga en reyndir vita að óvída er meira hlegið en þar sem syrgjendur koma saman til að ræða um reynslu sína, styrk og vonir. Mannshjartað rúmar á sömu stundu dýpstu sorg og björtustu gleði. Þar er pláss fyrir trega og tilhlökkun, kvíða og þakklæti og allt hitt sem fylgir því að vera manneskja. Við urðum sammála um að líta á dvölinna sem æfingabúðir í því að bera sorg. Þau sem syrgja vilja nefnilega ekki losna við sorgina því þar býr minningin um þann sem er farinn. Við sáum líka að ef maður ætlaði í alvöru að lífa laus við sorg yrði maður að hafna öllum tengslum, ástinni og vináttunni.

Ekkert þessara ungmenna gat hugsað sér að lífa án ástar. Þau sögðu hvert öðru sögu sína, spegluðu reynslu sína og viðbrögðin í sögum hinna og eftir því sem klukkustundirnar liðu óx feginleikinn. Það er undarlegt að segja svona, en það er satt að það voru fegnir syrgjendur sem kvöddust á hlaðinu í Vindáshlið í lok helgar. Það fylgir því feginleiki að vita að aðrir hafi styrk til að vera vitni að lífi manns í gagnkvæmum skilningi, og það gefur manni viðspyrnu til að halda göngunni áfram.



Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ IS

# HÁTÍÐLEGAR BORGARFERÐIR

LONDON FRÁ

4.999 kr.\*

Tímabil: nóv.–mars

KAUPMANNAHÖFN FRÁ

5.999 kr.\*

Tímabil: nóv.–des.

BERLÍN FRÁ

6.499 kr.\*

Tímabil: nóv.–des.

PARÍS FRÁ

7.999 kr.\*

Tímabil: nóv.–des.

BOSTON FRÁ

12.999 kr.\*

Tímabil: nóv.–des.



Hafðu það hátíðlegt á adventunni. Yljaðu þér við kakóbolla á kaffihúsi í Köben, horfðu á ljósadýröina í London eða skoðaðu skreytingarnar í Berlín. Þú kemst í WOWtíðarskap.

WOW  
air